

Sp.

## 232. Skýrsla

samgöngumálaráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1968.

### Framkvæmdir samkvæmt vegáætlun 1968.

#### I. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

Unnið hefur verið að framkvæmd vegáætlunar á yfirstandandi ári, eins og nánar greinir í eftirfarandi skýrslu.

##### 1. Vegáætlun 1967.

Þegar skýrsla um framkvæmd vegáætlunar fyrir árið 1967 var lögð fram, lágu ekki fyrir lokareikningsskil um framkvæmd hennar. Samkvæmt endanlegum reikningsskilum urðu heildarútgjöld vegasjóðs á árinu 393.8 m.kr., en tekjur 370.6 m.kr. Varð því halli á vegáætlun á árinu 23.2 m.kr. Af þessum halla eru 21 m.kr. á vegaviðhaldi, en 2.2 m.kr. á brúargerðum, og voru orsakir þessa raktar ýtarlega í greinargerð með frumvarpi að breytingu á vegalögum, sem lögfest var á Alþingi 10. apríl s. l.

##### 2. Lög um breytingu á vegalögum nr. 7/1968.

Með breytingu á vegalögum nr. 7/1968 eru tekjustofnar vegasjóðs hækkaðir verulega og áætlað, að ráðstöfunartekjur sjóðsins á árinu 1968 mundu við það aukast um 109 m.kr. Samkvæmt vegáætlun 1968 og lögum nr. 7/1968 voru ráðstöfunartekjur vegasjóðs á árinu áætlaðar þannig að frádregnum endurgreiðslum:

| A.   |                   |
|--|-------------------|
| 1. Tekjur af benzínjaldi skv. vegáætlun (brúttó) .....     | 273.8 m.kr.       |
| ÷ Endurgreiðslur .....                                     | 21.2 —            |
|  | <hr/> 252.6 m.kr. |
| 2. Tekjur af hækkun benzínjalds samkv. l. nr. 7/1968 ..... | 36.0 m.kr.        |
| + Tekjur vegna lækkunar á endurgreiðslum .....             | 7.0 —             |
|  | <hr/> 43.0 —      |
|  | <hr/> 295.6 m.kr. |
| B.   |                   |
| 1. Tekjur af þungaskatti skv. vegáætlun (brúttó) .....     | 75.5 m.kr.        |
| ÷ Endurgreiðslur .....                                     | 0.8 —             |
|  | <hr/> 74.7 m.kr.  |
| 2. Tekjur af hækkun þungaskatts samkv. l. nr. 7/1968 ..... | 40.0 —            |
|  | <hr/> 114.7 —     |

|   |                  |
|---|------------------|
| <b>C.</b>   |                  |
| 1. Tekjur af gúmmigjaldi skv. vegáætlun .                       | 14.7 m.kr.       |
| 2. Tekjur af hækkun á gúmmigjaldi samkv.<br>l. nr. 7/1968 ..... | 26.0 —           |
|   | 40.7 m.kr.       |
|   | Alls 451.0 m.kr. |

Í bráðabirgðaákvæðum laga nr. 7/1968 var ákveðið að tekjum vegasjóðs, samkv. þessum lögum, skyldi á árinu 1968 varið eins og hér segir:

|  |            |                     |
|--|------------|---------------------|
| 1. Til greiðslu kostnaðar við undirbúning hraðbrauta-<br>framkvæmda til ársloka 1968 .....   |            | 21.0 m.kr.          |
| 2. Til greiðslu kostnaðar umfram vegáætlun 1967:   |            |                     |
| a. Halli á vegaviðhaldi vegna náttúruhamfara .....   | 21.0 m.kr. |                     |
| b. Halli á brúargerðum .....   | 2.0 —      |                     |
|  |            | 23.0 —              |
| 3. Til aukningar ráðstöfunarfjár 1968 á eftirtöldum lið-<br>um vegáætlunar:                  |            |                     |
| a. Viðhald þjóðvega .....  | 17.3 m.kr. |                     |
| b. Til brúargerða .....  | 10.0 —     |                     |
| c. Til endurbóta á hættulegum stöðum .....   | 4.0 —      |                     |
|  |            | 31.3 —              |
| 4. Til kaupstaða og kauptúna, svo og rannsókna og til-<br>rauna við vega- og gatnagerð ..... |            | 9.4 —               |
| 5. Til nýrra vega:   |            |                     |
| Strákavegur .....  | 16.8 m.kr. |                     |
| Ólafsfjarðarvegur .....  | 1.0 —      |                     |
| Suðurfjarðavegur .....   | 6.5 —      |                     |
|  |            | 24.3 —              |
|  |            | Samtals 109.0 m.kr. |

Samkvæmt lið 4 skyldi 9.4 m.kr. af tekjuaukningunni varið til kaupstaða og kauptúna og tilrauna við vegagerð í samræmi við 32. og 96. gr. laga nr. 71/1963 og 1. gr. laga nr. 7/1968, en ákveðið var að nota heimildarákvæði í niðurlagi síðastnefndu greinarinnar. Þessi upphæð reyndist 0.9 m.kr. of lág, og var því raunverulega ráðstafað 109.9 m.kr. með bráðabirgðaákvæðunum.

### 3. Áhrif verðhækkana.

Við gengisbreytinguna í nóvember 1967 og nýja kjarasamninga í marz þ. á. urðu nokkrar hækkanir á kostnaði við framkvæmdir, eins og fram kemur á vísitölu hinna einstöku framkvæmdaliða.

|                   | Ágúst 1967 | Ágúst 1968 | Hækkun |
|-------------------|------------|------------|--------|
| Vegaviðhald ..... | 571        | 655        | 16.5%  |
| Vegagerð .....    | 527        | 615        | 16.7%  |
| Brúargerð .....   | 691        | 804        | 16.4%  |

Við ráðstöfun á tekjuaukningu vegasjóðs, samkv. l. nr. 7/1968, var tekið tillit til þessara verðhækkana varðandi brúargerð og vegaviðhald að mestu, en ekki varðandi fjárveitingar til einstakra vega, sem voru flestar óbreyttar frá því vegáætlun var samin haustið 1965.

#### 4. Áhrif veðurfars og náttúruhamfara.

Veturinn var óvenju snjóþungur um land allt, og varð kostnaður við snjó-mokstur af þeim sökum á tímabilinu janúar—júní nær 24 m.kr., eins og síðar verður vikið að.

Þá urðu mjög stórfelldar skemmdir á vegum og brúm á Suður- og Vesturlandi og einnig um miðbik Norðurlands í feiknalegum vatnavöxtum í lok febrúar og byrjun marz. Tókst þó víðast að koma umferð í eðlilegt horf í marz, en fullnaðarviðgerð á vegum og brúm var ekki lokið fyrr en á miðju sumri. Tjón af þessum flóðum nam röskum 7.5 m.kr. Vorið var mjög kalt, og urðu vegaskemmdir af völdum holklaka og aurbleytu því með mesta móti í ýmsum landshlutum.

Um miðjan nóvember í ár urðu einhverjir stórfelldustu vatnavextir, sem um getur á Austurlandi á svæðinu frá Lónsheiði að Hellisheiði. Orsök þessara vatnavaxta var mikil samfelld úrkoma í marga daga samfara óvenjulegu hlýviðri. Var mikill snjór kominn á Austurlandi, þegar þetta gerðist, og jók það vatnaganginn að miklum mun.

Bráðabirgðaviðgerðum er lokið, en fullnaðarviðgerðum verður ekki unnt að ljúka fyrr en á næsta sumri. Ekki verður með vissu sagt, hve miklu tjón þetta nemur, en það skiptir án efa mörgum milljónum króna.

#### 5. Umferðartalning og vegaeftirlit.

Umferðartalningu var haldið uppi víða um land með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þá var dagana 8.—11. ágúst gerð mjög viðtæk umferðarkönnun um allt land í sambandi við samgöngumálaathugun þá, sem fyrirtækið Kampsax vann að á vegum samgöngumálaráðuneytisins og Efnahagsstofnunarinnar, eins og síðar greinir.

Umferðartalningar leiddu í ljós, að á Vestur- og Norðurlandi var sumarumferð, þ. e. meðalumferð í júní—sept., nokkru minni en s. l. ár. Svo var t. d. á Vesturlandsvegi austan við vegamót við Borgarnesbraut, en þar var umferðin 3.5% minni en 1967. Í Eyjafirði er munurinn þó enn meiri, þar sem sumarumferð þar reyndist 8.1% minni en 1967. Má telja líklegt, að hið mjög kalda vor hafi átt mestan þátt í þessari minnkun umferðar.

Á Suðurlandi var hins vegar um nokkra aukningu umferðar að ræða, t. d. var umferð á vegum í nágrenni Selfoss um 9.7% meiri en 1967. Á Hafnarfjarðarvegi í Fossvogi jókst sumarumferð um 2.4%, en samsvarandi aukning 1967 var 12.9%. Umferð um Reykjanesbraut hjá gjaldstöðinni við Straum var 3.1% meiri fyrstu 10 mánuði ársins en á sama tímabili 1967. Er það mun minni aukning en árið áður, en þá var hún 8.1%.

Haldið var uppi sérstöku vegaeftirliti í náinni samvinnu við lögregluyfirvöld með sama sniði og á s. l. ári. Er enginn vafi á því, að mun betur er nú farið eftir gildandi reglum um öxulþunga bifreiða en áður var.

#### 6. Breyting úr vinstri- í hægrihandarumferð 26. maí.

Í sambandi við umferðarbreytinguna 26. maí voru á s. l. ári flutt nær 3000 umferðarmerki af vinstri yfir á hægri vegbrún á öllum þjóðvegum að undanskildum fjölförnustu vegunum út frá Reykjavík, en þar voru þessi merki flutt skömmu fyrir H-dag, og höfðu þá verið flutt til alls 3142 umferðarmerki.

Önnur atriði, sem komu til kasta Vegagerðar ríkisins í sambandi við umferðarbreytinguna, voru þessi:

- a. Gerðar voru sérstakar biðreinar á tveimur stöðum við Hafnarfjarðarveg. Einnig var breikkuð syðri akbrautin á Vesturlandsvegi í Ártúnsbrekku.

- b. Byggt var nýtt gjaldskýli við Reykjanesbraut hjá Straumi milli akreina, og er umferðargjald nú inheimt af bifreiðum á norðurleið, en var innheimt á suðurleið áður. Var þetta gert til þess að komast hjá aukakostnaði við breikkun nyrðri akreinar.
- c. Á sjálfan H-daginn var skipt um 150 akreinaamerki (C2) á blindhæðum. Síðar voru 52 stór leiðarmerki (töflur) og 7 vegvísar fluttir af vinstri yfir á hægri vegarbrún.
- d. Þá sá Vegagerð ríkisins um uppsetningu á 1155 H-merkjum víðsvegar um land fyrir framkvæmdanefnd H-umferðar.
- Kostnaður við framangreindar framkvæmdir vegna umferðarbreytingarinnar á árinu 1967 og 1968 nam alls samkv. samningi um 3 m.kr., að undanskildum kostnaði við uppsetningu H-merkja. Hefur sá kostnaður verið endurgreiddur Vegagerð ríkisins.

#### 7. Lagfæringar á hættulegum stöðum.

Svo sem að framan greinir, þá voru veittar 4 m.kr. til lagfæringa á hættulegum stöðum af viðbótartekjum vegasjóðs á þessu ári skv. lögum nr. 7/1968.

Þessi fjárveiting var fyrst og fremst ætluð til lagfæringa á stöðum, þar sem ætla mátti, að sérstök hættu skapaðist við umferðarbreytinguna 26. maí eins og blindhæðum, blindbeygjum og mjóum ræsum.

Fjöldi ábendinga um hættulega staði bárust frá umferðaröryggisnefndum þeim, sem stofnaðar voru í flestum héruðum að tilhlutun framkvæmdanefndar H-umferðar. Að vísu bárust ábendingar frá sumum nefndum það seint, að litil tók voru á að taka fullt tillit til þeirra varðandi framkvæmdir fyrir H-dag, en yfirleitt tókst mjög góð samvinna milli þessara nefnda og starfsmanna Vegagerðar ríkisins, og víða lögðu umferðaröryggisnefndirnar fram nokkra sjálfboðavinnu við þessar lagfæringar fyrir H-dag.

Margar lagfæringar voru gerðar á hættulegum stöðum, sem of langt yrði upp að telja, m. a. var skipt akreinum á um 100 blindhæðum. Hins vegar sneið fjárveitingin þessum framkvæmdum þröngan stakk, og hefði hún þurft að vera hærri, ef sinna hefði átt öllum ábendingum öryggisnefnda.

Enginn vafi er á því, að öryggisnefndirnar hafa unnið gott starf, og vonandi er, að takast megi að halda þeim starfandi framvegis í einhverju formi.

Upplýsingar þær, sem H-nefndin hefur safnað um umferðarslys á undanförunum 2 árum og sérstaklega skipting umferðarslysa milli dreifbýlis og þéttbýlis, eru mjög athyglisverðar. Samkv. upplýsingum framkvæmdastjóra H-nefndar hefur skipting umferðarslysa milli dreifbýlis og þéttbýlis undanfarin ár verið eins og hér segir yfir sumarmánuðina, þ. e. 22. viku — 43. viku (26. maí — 25. október).

#### Fjöldi umferðarslysa 22. — 43. viku.

| Ár   | Í þéttbýli | %    | Í dreifbýli | %    | Slys alls | Bifreiða-<br>fjöldi pr. 1/7 | Slys pr.<br>1000 bifr. |
|------|------------|------|-------------|------|-----------|-----------------------------|------------------------|
| 1966 | 1701       | 79.0 | 451         | 21.0 | 2152      | 37 119                      | 58                     |
| 1967 | 1600       | 75.7 | 513         | 24.3 | 2113      | 40 697                      | 52                     |
| 1968 | 1623       | 81.1 | 379         | 18.9 | 2002      | 42 754                      | 47                     |

Af þessu yfirliti er ljóst, að umferðarslysum í heild hefur farið fækkandi undanfarin ár, þrátt fyrir verulega aukningu umferðar, og að umferðarbreytingin hefur, það sem af er, síður en svo valdið auknum slysum, eins og ýmsir spáðu.

Samkv. upplýsingum H-nefndar skiptust öll umferðarslys fyrir árin 1966 og 1967 þannig:

#### Fjöldi umferðarslysa yfir allt árið.

| Ár   | Í þéttbýli | %    | Í dreifbýli | %    | Slys alls | Bifreiða-<br>fjöldi pr. 1/7 | Slys pr.<br>1000 bifr. |
|------|------------|------|-------------|------|-----------|-----------------------------|------------------------|
| 1966 | 4406       | 85.9 | 722         | 14.1 | 5128      | 37 119                      | 138                    |
| 1967 | 4242       | 83.9 | 816         | 16.1 | 5058      | 40 697                      | 124                    |

Umferðarslys í dreifbýli eru því aðeins um 15% af öllum umferðarslysnum á landinu. Af þessu er hins vegar ljóst, að ef lækka á heildarslysni að marki, þá þarf að einbeita kröftunum að umferðinni í þéttbýlinu, því að þótt takast mætti að fækka slysum í dreifbýli um helming, þá lækkar það slysiu í heild aðeins um 8%. Þetta ber þó ekki að skilja á þann veg, að ekki sé full ástæða til þess að halda áfram lagfæringum á hættulegum stöðum á þjóðvegum. Hins vegar er greinilegt, að aðalvandamál umferðarslysa er tengt þéttbýlinu og verður ekki leyst nema þar.

Einnig er ljóst, að nauðsynlegt er að halda áfram þeirri gagnasöfnun um umferðarslys, sem H-nefndin hefur hafið.

## 8. Innheimta tekna og greiðslufirlit.

### a. Benzínjald.

Við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968 var áætlað, að benzínsala á yfirstandandi tekjuári vegasjóðs (nóv.—okt.) yrði 74.6 millj. lítra, en endurgreiðslur voru þá áætlaðar 21.2 m.kr. Á s. l. tekjuári reyndist benzínsalan 72.8 millj. lítra, en endurgreiðslur 17.3 m.kr. Urðu því nettótekjur af benzínjaldi það ár 250.1 m.kr. Á tímabilinu nóv. 1967 til septemberloka 1968 hefur benzínsala reynzt 0.7% minni en á sama tímabili í fyrra, og er því áætlað nú, að benzínsala í ár verði alls 72.2 millj. lítra, eða um 0.8% minni en á s. l. ári. Hins vegar hafa endurgreiðslur lækkað niður í tæpar 10 m.kr. vegna breytingar á reglugerð þar að lútandi. Af þeim sökum er áætlað, að tekjur af benzínjaldi verði um 2.2 m.kr. hærrí en áætlað var.

### b. Þungaskattur.

Tekjur af þungaskatti til októberloka voru orðnar 101.2 m.kr., en endurgreiðslur 3.2 m.kr. og nettótekjur því 98.0 m.kr. Í vegáætlun voru endurgreiðslur áætlaðar 0.8 m.kr. með hliðsjón af reynslu fyrrí ára. Með tilliti til þessa er nú áætlað, að heildartekjur af þungaskatti á árinu nemi 111.1 m.kr. eða 3.6 m.kr. lægri upphæð en áætlað var.

### c. Gúmmíjald.

Við endurskoðun á vegáætlun fyrir 1968 á s. l. ári voru tekjur af gúmmíjaldi í ár áætlaðar 14.7 m.kr., sem samsvarar 1635 t sölu. Við hækkun á gúmmíjaldi með lögum nr. 7/1968 var sú áætlun endurskoðuð og tekjuáætlun miðuð við, að salan yrði 1210 t, sem er um 4% minni sala en 1967 og 9% minna en salan 1966. Hinn 1. nóv. var salan á hjólbörðum aðeins orðin 775 t og með hliðsjón af sölu í nóv. og des. undanfarin ár, þá er áætlað, að heildarsalan á árinu verði 964 t. Er það 23% minni sala en á s. l. ári. Er því áætlað, að heildartekjur á þessum lið verði 31.8 m.kr. eða 8.9 m.kr. lægri en áætlað var.

### Greiðslufirlit.

Samkvæmt framansögðu má búast við, að innheimta tekna verði sem hér segir á árinu 1968:

|                               | Tekjur vegasjóðs.                               |  |                                       |
|-------------------------------|---|--|---------------------------------------|
|                               | Áætlaðar<br>tekjur skv.<br>vegáætlun í<br>m.kr. | Innheimtar<br>tekjur pr.<br>1/11 1968<br>m.kr. | Áætlaðar<br>tekjur<br>alls í<br>m.kr. |
| 1. Benzínskattur, nettó ..... | 295.6   | 239.8  | 297.8                                 |
| 2. Þungaskattur, nettó .....  | 114.7   | 98.0   | 111.1                                 |
| 3. Gúmmíjald .....            | 40.7  | 25.0   | 31.8                                  |
|                               | Alls 451.0                                      | 362.8  | 440.7                                 |

Samkvæmt framansögðu má því gera ráð fyrir, að röskar 10 m.kr. muni vanta á, að tekjuáætlun standist.

### Gjöld vegasjóðs.

Áætlað er, að gjöld vegasjóðs á árinu verði eins og hér segir:

|   |       |       |
|---|-------|-------|
| 1. Útgjöld samkv. vegáætlun og lögum nr. 7/1968 .....                 | 451.0 | m.kr. |
| 2. Stjórn og undirbúningur, hækkun vegna vísitölu .....               | 1.0   | —     |
| 3. Hækkun á vegaviðhaldi, sbr. lið II, 1 d .....                      | 15.0  | —     |
| 4. Hækkun vegna vega í kaupstöðum og kaupt., sbr. I. ....             | 0.9   | —     |
| 5. — á tryggingargjöldum og framkv. við Siglufjarðarveg, sbr. III, 9. | 1.6   | —     |

Alls 469.5 m.kr.

Samkvæmt framansögðu má því gera ráð fyrir, að gjöld vegasjóðs í ár verði 18.5 m.kr. unfram áætlun og greiðsluhalli því alls 28.8 m.kr.

### 9. Föst lán til vegaframkvæmda.

Með heimild í III. kafla vegáætlunar 1968 hefur ráðuneytið í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og Vestfjarðaáætlun aflað fastra lána til nokkurra þeirra vega, sem tilgreindir eru í III. kafla vegáætlunar í ár.

Til einstakra vegaflokka nema þessi lán eftirtöldum upphæðum:

|                       |      |       |
|-----------------------|------|-------|
| 1. Hraðbrautir .....  | 47.3 | m.kr. |
| 2. Þjóðbrautir .....  | 13.1 | —     |
| 3. Landsbrautir ..... | 6.6  | —     |

Alls 67.0 m.kr.

Af þessum lánnum eru 51.0 m.kr. samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, en 16.0 m.kr. samkv. Vestfjarðaáætlun. Um skiptingu þessara lána vísast til greinargerðar um framkvæmdir á einstökum vegum.

Föst lán vegasjóðs í árslok 1967 og 1968 verða, eins og hér segir, miðað við skráð gengi á hverjum tíma:

#### Föst lán.

|                       | Árslok 1967<br>í m.kr. | Árslok 1968<br>í m.kr. |
|-----------------------|------------------------|------------------------|
| 1. Hraðbrautir .....  | 274.2                  | 373.1                  |
| 2. Þjóðbrautir .....  | 87.7                   | 109.1                  |
| 3. Landsbrautir ..... | 16.4                   | 33.9                   |
| Alls                  | 378.3                  | 516.1                  |

#### Gengistap.

|                       | 1967 | 1968  |
|-----------------------|------|-------|
| 1. Hraðbrautir .....  | 30.1 | 82.2  |
| 2. Þjóðbrautir .....  | 4.1  | 15.1  |
| 3. Landsbrautir ..... | 3.7  | 11.0  |
| Alls                  | 37.9 | 108.3 |

### 10. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Í ár hefur verið fylgt sömu reglu og undanfarin ár að samþykkja aðeins bráðabirgðalán til þeirra vegaframkvæmda, sem fjárveitingu hafa í vegáætlun næstu ár. Þar sem yfirstandandi ár er seinasta ár gildandi vegáætlunar 1965—1968, þá hafa engin ný bráðabirgðalán verið veitt, nema 700 þús. kr. til Þingeyjarsýslubrautar, en bein lánsheimild var þar fyrir hendi í III. kafla vegáætlunar fyrir yfirstandandi ár.

Bráðabirgðalán vegasjóðs til einstakra vegaframkvæmda í árlök 1967 og 1968.

|                       | Árslok 1967<br>í þús. kr. | Árslok 1968<br>í þús. kr. |
|-----------------------|---------------------------|---------------------------|
| 1. Hraðbrautir .....  | 4 745                     | 0 000                     |
| 2. Þjóðbrautir .....  | 2 677                     | 1 858                     |
| 3. Landsbrautir ..... | 4 559                     | 2 466                     |
|                       | Alls 11 981               | 4 324                     |

Bráðabirgðalán í árslok 1967 eru nú talin 171 þús. kr. lægri en í skýrslu um framkvæmdir vegáætlunar 1967. Stafar þessi mismunur af því, að veittar lánsheimildir voru ekki að fullu notaðar.

## II. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

### 1. Viðhaldskostnaður þjóðvega.

Í vegáætlun fyrir yfirstandandi ár eru veittar 139.4 m.kr. til viðhalds þjóðvega. Hafði sú upphæð verið hækkuð úr 108.0 m.kr. við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968, er gerð var veturinn 1967. Stafaði þessi hækking af hækking viðhaldsvisitölu úr 489 stigum 1965 í 571 stig 1967 og hækkuðum kostnaði við snjó-mokstur, eins og nánar er rakið í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um endurskoðun vegáætlunar 1967 og 1968. Enn fremur voru samkv. lögum nr. 7/1968 veittar 17.3 m. kr. til vegaviðhalds eða alls 156.7 m.kr. á árinu.

#### a. Vetrarviðhald.

Í hinni endurskoðuðu vegáætlun var kostnaður við vetrarviðhald áætlaður eins og hér segir:

| Áætlaður kostnaður við vetrarviðhald í vegáætlun un 1967 og 1968 ..... | 1967<br>15.2 m.kr. | 1968<br>17.2 m.kr. |
|--|--------------------|--------------------|
|--|--------------------|--------------------|

Í þessari áætlun um vetrarviðhaldið var miðað við meðaltal áranna 1965 og 1966, sem var 12.2 m.kr. Við þá upphæð var bætt 3 m.kr. árið 1967 vegna mikilla snjóalaga, sem vitað var um, og vegna fyrirhugaðra breytinga á reglum um greiðslu kostnaðar við snjómokstur frá 1958, sem tóku gildi í des. 1967. Fyrir árið 1968 var bætt 5.0 m.kr. við áætlað meðalvetrarviðhald 1965 og 1966 vegna breytinga á snjó-mokstursreglum.

Raunverulegur kostnaður við vetrarviðhald árið 1967 og fyrri árshelming þessa árs hefur orðið, eins og hér segir:

|                        | 1967<br>M.kr. | 1968<br>M.kr. |
|------------------------|---------------|---------------|
| Janúar—júní .....      | 17.0          | 24.0          |
| Október—desember ..... | 9.7           | 6.0 (áætlað)  |
|                        | Alls 26.7     | 30.0          |

Kostnaður við vetrarviðhald árið 1967 varð því 11.5 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir í vegáætlun, og var það meginorsök þess, að viðhaldskostnaður á því ári í heild fór um 21 m. kr. fram úr fjárveitingu samkv. vegáætlun. Orsakir þessa voru að sjálfsögðu, að snjóalög voru mun meiri það ár en árið 1966, sem var þó snjóþungt ár miðað við árið 1965.

Það, sem af er þessu ári (jan.—jún.), hefur kostnaður við vetrarviðhald orðið 24.0 m.kr., sem er 7.0 m.kr. hærri upphæð en á sama tímabili árið 1967. Þessi kostnaður er alveg sambærilegur við sama tímabil árið 1967, þar sem almenn hækking á

leigugjaldi vinnuvéla kom fyrst til framkvæmda í maí s. l. Nemur þessi aukning á kostnaði um 40%. Nokkuð af hinum aukna tilkostnaði stafar af hinum rýmkuðu snjósmokstursreglum, en snjóalög voru þó víðast meiri og veðráttu umhleyppingasamari en árið 1967. Ekkert er þó unnt að fullyrða um það, hvor þátturinn hefur vegið meira til hækkunar.

Snjóalög í okt.—nóv. þessa árs hafa verið minni en á sama tímabili 1967. Má búast við, að kostnaður við vetrarviðhald í okt.—des. verði um 6.0 m.kr., og er þá tekið tillit til 15% hækkunar á leigugjaldi vinnuvéla. Má því gera ráð fyrir, að kostnaður við vetrarviðhald á þessu ári verði um 30.0 m.kr., og er það nær tvöfalt hærri upphæð en áætlað var samkv. vegáætlun.

#### *b. Tjón af völdum náttúruhamfara.*

Í lok febrúar s. l. urðu stórkostleg tjón á vegum og brúm á Suður- og Vesturlandi og einnig nokkuð á svæðinu frá Skagafirði til S.-Þingeyjarsýslu. Viðgerð á skemmdum á vegum og brúm er nú lokið, en ekki á öllum fyrirhleðslugörðum, þar sem sumir þeirra eru vegasjóði óviðkomandi, og biður fullnaðarviðgerð á þeim eftir fjárveitingum í fjárlögum 1969. Kostnaður við viðgerðir vegna flóðanna í febrúarlok nemur nú alls 7.5 m.kr.

Í lok ágústmánaðar urðu verulegar skemmdir af flóðum í Rangárvallasýslu og V.-Skaftafellssýslu. Rofnuðu vegir við margar brýr sökum þess, að fyrirhleðslugarðar brustu. Samgöngur komust fljótlega í samt lag, en viðgerðum á fyrirhleðslugörðum er enn ekki lokið. Er áætlaður kostnaður af viðgerðum um 1.2 m.kr. Hefur það valdið verulegum erfiðleikum í þessu sambandi, að veðráttu á Suðurlandi í september hefur verið óvenju hlý samfara verulegri úrkomu. Hefur því verið óvenju mikið vatn í öllum jökulám á þessu svæði, og hefur það torvelað allar viðgerðir.

Þá urðu dagana 11.—13. nóv. stórfelldar skemmdir á vegum og við brýr á Austurlandi á svæðinu frá Lónsheiði til Héraðs, eins og áður greinir. Í lok nóv. var bráðabirgðaviðgerðum að mestu lokið, og er kostnaður við þær mjög lauslega áætlaður um 4 m.kr. Fullnaðarviðgerðir verða þó að bíða næsta sumars og ekki unnt að gera sér fulla grein fyrir kostnaði við þær, eins og er.

Við framangreindar skemmdir af vatnavöxtum bætist tjón á brúnni á Mórillu í Kaldalóni, en yfirbyggingu hennar tók af einhvern tíma á s. l. vetri í snjóflóði, að því er bezt verður séð. Um þetta tjón varð þó ekki kunnugt fyrr en seint á s. l. vori. Er kostnaður við endurnýjun á yfirbyggingu brúarinnar áætlaður um 0.9 m.kr., og var því verki lokið í október.

Bein tjón af völdum náttúruhamfara, það sem af er árinu, hafa verið eins og hér segir:

|   |           |
|---|-----------|
| Tjón af flóðum í febrúar—marz .....       | 7.5 m.kr. |
| — — — — ágúst .....                       | 1.2 —     |
| — — — — nóvember .....                    | 4.0 —     |
| Tjón á brúnni á Mórillu í Kaldalóni ..... | 0.9 —     |

Alls 13.6 m.kr.

#### *c. Aukning umferðar og almennt ástand malarvega.*

Þó að aukning umferðar yfir sumarmánuðina hafi verið nokkru minni í ár en undanfarin ár, eins og að framan greinir, þá má segja, að slit á malarvegum hafi ekki minnkað að sama skapi. Stafar þetta af því, að sá hluti umferðarinnar, sem slitur vegunum mest er stöðugt vaxandi, en það er umferð þungra vörubifreiða.

Kemur þetta greinilegast í ljós á vorin, þegar frost er að fara úr jörðu og takmarka verður öxulþunga af þeim sökum. Umferð er þá oftast mjög lítil, en á mörgum vegum nær eingöngu vörubifreiðar með mjólk, fóðurbæti og áburð. Þessa flutninga er ekki unnt að stöðva að nokkru marki nema dag og dag í senn. Afleiðing



er sú, að þeir stórspilla löngum vegarköflum, og fer mikill hluti af viðhaldsfé til bráðabirgðaviðgerðar, til þess að umferð stöðvist ekki með öllu. Afleiðingin er svo sú, að í mörgum héruðum er lítið eða ekkert hægt að sinna eðlilegu viðhaldi veganna á þeim tíma, sem það kemur að mestum notum, en það er á haustin. Er viðhaldið því víða komið í vítahring, sem ekki verður komið úr, nema hægt sé að taka fyrir einstaka vegi og hreinlega endurbyggja burðarlag þeirra.

Önnur afleiðing af hinni vaxandi umferð þungra ökutækja eru skemmdir á gömlum brúm. Hefur því víða orðið að grípa til þess úrræðis að setja yfir gamlar öryr bráðabirgðagólf úr timbri. Var kostnaður við viðhald brúa í ár áætlaður um 5 m.kr., en sýnilegt er, að hann muni verða a. m. k. um 7 m.kr.

#### *d. Fjárveiting til vegaviðhalds og umframgreiðsla á þeim lið.*

Öll fjárveiting til vegaviðhalds í ár var 156.7 m.kr., eins og að framan greinir, eða tæpri 1 m.kr. hærri upphæð en raunverulegur kostnaður varð við vegaviðhaldið á árinu 1967. Af þessari fjárveitingu til vegaviðhalds voru 17.3 m.kr. af tekjum samkv. ákvörðun laga nr. 7/1968 til þess að mæta þeim verðhækkunum, sem urðu á árinu 1968 vegna gengisbreytingarinnar í nóv. 1967. Miðað við hækkun á vísitölu viðhaldskostnaðar frá marz 1967 til ágúst 1968, sem nemur 16.5%, þá hefði þessi fjárveiting þurft að vera 6 m.kr. hærri til þess að mæta beinni verðhækkun, en það reyndist þó ekki mögulegt af þeirri tekjuaukningu, sem breytingin á vegalögunum gaf.

Þar sem kostnaður við vetrarviðhald á árinu og flóðaskemmdir eru mun meiri en miðað var við í vegáætlun, þá er nú gert ráð fyrir, að umframgreiðslur á vegaviðhaldi í ár verði, eins og hér segir:

|                              |           |
|------------------------------|-----------|
| 1. Vegna snjómoksturs .....  | 6.0 m.kr. |
| 2. Vegna flóðaskemmda .....  | 7.0 —     |
| 3. Vegna viðhalds brúa ..... | 2.0 —     |

Alls 15.0 m.kr.

Þegar haft er í huga, að snjómoksturskostnaður á árinu verður um 13 m.kr. hærri en vegáætlun gerir ráð fyrir og bein tjón af náttúruhamförum um 12 m.kr., þá er ljóst, að með þeirri umframgreiðslu, sem hér er áætluð, þá hefur af illri nauðsyn orðið að draga úr almennu viðhaldi vega miðað við það, sem vegáætlun gerir ráð fyrir.

Þar sem reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að árlega verða stórtjón af náttúruhamförum, þá er óhjákvæmilegt að taka upp í næstu vegáætlun sérstaka fjárveitingu til þess að mæta slíkum kostnaði, og gildir það einnig um óvenjulegan kostnað af snjómokstri.

#### **2. Vegmerkingar samkvæmt umferðarlögum.**

Fjárveiting var 1.2 m.kr. Var þeirri upphæð varið til að setja upp ný umferðarmerki og endurnýja og breyta öðrum, þar sem ástæða þótti til vegna umferðarbreytingarinnar 26. maí. Var í því sambandi ráðizt í að endurskoða staðsetningu allra eldri umferðarmerkja á landinu, en því verki mun þó ekki ljúka að fullu fyrr en á næsta sumri.

Þá voru sett upp 29 stór leiðamerki (töflur) við veigamikil vegamót, og er nú alls búið að merkja þannig 42 vegamót á öllu landinu.

Af einstökum flokkum vega samkv. vegáætlun 1965—1968 er nú lokið merk-ingum í einstökum vegaflokkum, eins og hér segir:

|   |                 |
|---|-----------------|
| Af 112 km af hraðbrautum eru merktir .... | 112 km eða 100% |
| — 2911 km af þjóðbrautum — — .....        | 2763 km — 95%   |
| — 5736 km af landsbrautum — — .....       | 2049 km — 36%   |
| <hr/>                                     | <hr/>           |
| Alls 8759 km                              | 4914 km 56%     |

Auk endurskoðunar á eldri merkjum, eins og að framan greinir, þá voru sett upp umferðarmerki samkv. reglugerð nr. 61/1959 á tæpum 600 km af nýjum vegum. Ærið verkefni er þó fyrir höndum í þessu efni, þar sem eftir er að setja upp umferðarmerki á 44% af þjóðvegakerfinu.

### III. TIL NÝRRRA ÞJÓÐVEGA

#### 1. Til hraðbrauta.

##### 1. Reykjanesbraut (A 2):

Engar framkvæmdir hafa verið við þennan veg á árinu, þar sem lagningu hans var lokið á s. l. ári.

Í ár eru gjöld og fjáröflun til vegarins áætlað þannig:

| Gjöld:   | Áætlun<br>m.kr. | Rauntölur<br>m.kr. |
|--|-----------------|--------------------|
| 1. Greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánnum ..... | 53.1            | 49.9               |
| 2. Greiðsla á bráðabirgðaláni verktaka frá 1967 .....  | 5.5             | 5.0                |
| 3. Greiðsla á skuld við vegasjóð frá 1967 .....        | 3.4             | 3.6                |
| 4. Greiðsla á efnistöku og landsþjöllum .....          | 1.2             | 0.6                |
| 5. Lántökukostnaður .....                              | 1.2             | 0.6                |
| 6. Óráðstöfuð fjáröflun .....                          |                 | 4.6                |
|  | <hr/>           | <hr/>              |
|  | Alls 64.4       | 64.3               |
| <br>Fjáröflun:   |                 |                    |
| 1. Fjárveiting í vegáætlun 1968 .....                  | 6.8             | 6.8                |
| 2. Framlag varnarliðsins .....                         | 0.3             | 0.3                |
| 3. Áætlaðar nettótekjur af umferðargjaldi .....        | 13.7            | 13.6               |
| 4. Lán samkv. framkvæmdaáætlun .....                   | 43.6            | 43.6               |
|  | <hr/>           | <hr/>              |
|  | Alls 64.4       | 64.3               |

Greiðslur vaxta og afborgana lækka í heild um 3.2 m.kr. miðað við áætlun. Ástæðan er sú, að stórt erlent lán var framlengt án afborgana, og lækkaði sá liður um 5.7 m.kr. Hins vegar hækkuðu vaxtagreiðslur vegna gengisbreytingar í nóvember og hækkunar byggingarvísitölu 1. nóv. um alls 2.5 m.kr. og lækkuðu því þessar greiðslur í heild um 3.2 m.kr.

Greiðslur vegna efnistöku og landsþjalla verða að líkindum aðeins helmingur af áætlun, vegna þess að matsgerðum hefur seinkað. Lántökukostnaður varð minni en áætlað var, sökum þess að lán samkv. framkvæmdaáætlun í ár var erlent lán.

Horfur eru á, að brúttótekjur af umferðargjaldi í ár verði um 15.7 m.kr. og nettótekjur um 13.6 m.kr., og er það um 1.1 m.kr. hærra upphæð en á s. l. ári. Með innheimtukostnaði er talinn hér styrkur til reksturs skólalífreiðar Vatnsleysustrandarhrepps samkv. sérstökum samningi, sem nemur í ár 434 þús. kr.

Föst lán á veginum námu um s. l. áramót 264.2 m.kr. á þáverandi gengi. Um næstu áramót hefðu þau á sama gengi orðið 276.6 m.kr., en vegna gengisbreytingarinnar verða þau nú 358.0 m.kr.

Síðan vegurinn var opnaður fyrir almennri umferð hinn 26. okt. 1965 hafa tekjur af umferðargjaldi samkv. reglugerð nr. 202/1965 og nr. 80/1966 orðið, eins og sýnt er á eftirfarandi yfirliti.

|                           | Tala bifreiða um gjaldstöð | Tekjur alls (brúttó) kr. | Innheimtu-kostnaður kr. | Tekjur alls (nettó) kr. | Meðalumferð á dag, báðar áttir |
|---------------------------|----------------------------|--------------------------|-------------------------|-------------------------|--------------------------------|
| 1965:                     |                            |                          |                         |                         |                                |
| 26. okt. til 31. des. . . | 39 065                     | 2 600 690.00             | 365 796.21              | 2 234 893.79            | 1182                           |
| 1966:                     |                            |                          |                         |                         |                                |
| 1. jan. til 31. des. . .  | 249 839                    | 13 964 887.50            | 1 817 004.67            | 12 147 882.83           | 1369                           |
| 1967:                     |                            |                          |                         |                         |                                |
| 1. jan. til 31. des. . .  | 272 564                    | 15 007 195.00            | 2 382 810.00            | 12 624 385.00           | 1536                           |
| 1968:                     |                            |                          |                         |                         |                                |
| 1. jan. til 31. okt. . .  | 240 565                    | 13 597 082.50            | 2 100 000.00            | 11 497 082.50           | 1577                           |
| Samtals                   | 802 033                    | 45 169 855.00            | 6 665 610.88            | 38 504 244.12           |                                |

Umferð fyrstu 10 mánuði ársins í ár er 2.8% meiri en á sama tímabili 1967. Aukning á brúttótekjum er þó 5.5%, sem stafar af aukinni umferð þungra bifreiða.

#### 2. Reykjanesbraut í Breiðholti (A 2):

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar eru veittar 3.6 m.kr. til þessa vegar. Af þeirri upphæð gengu 1.7 m.kr. til greiðslu vaxta og afborgana af lánum, en 1.9 m.kr. til greiðslu umframeyðslu frá s. l. ári. Engar framkvæmdir voru við þennan veg á árinu.

#### 3. Þrengslavegur (G 2):

Fjárveiting til vegarins í vegáætlun er 3.2 m.kr. Eftirstöðvar lánsfjár frá 1967 voru 0.6 m. kr. Til greiðslu á vöxtum og afborgunum af láni til Suðurlandsveggar fóru 0.8 m.kr. Fé til framkvæmda í ár var 3.0 m.kr., og var unnið fyrir alla fjárveitinguna. Lokið var við að hækka og breikka veginn, og má hann nú teljast fullgerður úr Svinahrauni að Selvogsvægi nema austustu 0.5 km og auk þess þarf víða að lagfæra kanta.

#### 4. Undirbúningur hraðbrautarframkvæmda.

Eins og fram kom í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á vegalögum, sem samþykkt var á Alþingi í apríl s. l., þá var áformað að leita til Alþjóðabankans um lán til hraðbrautarframkvæmda á næsta ári.

Alþjóðabankinn gerir hins vegar kröfu til þess, að áður en afstaða er tekin til slíkra lánveitinga, þá liggi fyrir heildarathugun á samgöngumálum, á landi, á sjó og í lofti í viðkomandi landi.

Frumdrög að slíkri samgöngumálaathugun voru gerð árið 1963 á vegum Efnahagsstofnunarinnar af norskum hagfræðingi R. Slettemark, sem þá starfaði hjá Transport Ökonomisk Institutt í Osló og var fenginn að láni til þess verks. Var ákveðið, að þessi heildarathugun á samgöngumálum yrði unnin á vegum Efnahagsstofnunarinnar í náinni samvinnu við samgöngumálaráðuneytið og hlutaðeigandi ríkisfyrirtæki. Við slíka athugun þarf að kveðja til sérfræðinga í hinum ýmsu þáttum samgöngumála, svo og hagfræðinga, sem sérþekkingu hafa á þessu sviði. Ekkert íslenskt fyrirtæki hefur á að skipa starfskröftum með reynslu við gerð slíkra áætlana, en hins vegar hafa ýmis erlend fyrirtæki sérhæft sig á þessu sviði á undanförunum tveim áratugum.

Af þessum sökum var á s. l. vori gerður samningur við danska verkfræðifyrirtækið Kampsax um að gera hér slíka samgöngumálaathugun, en fyrirtæki þetta hefur mikla reynslu í lausn slíkra verkefna í mörgum löndum.

Nú var unnið að þessari heildarathugun samgöngumála s. l. sumar af ofangreindu fyrirtæki, ásamt hlutaðeigandi íslenskum aðilum, og eiga niðurstöður að liggja fyrir um miðjan janúar samkvæmt samningi. Tekið skal fram, að hér var fyrst og fremst um að ræða heildarathugun á núverandi ástandi samgöngukerfisins og æskilegar úrbætur þess í einstökum greinum frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Er því hér fyrst og fremst um hagfræðilega heildarathugun að ræða frá samgöngutæknilegu sjónarmiði, en alls ekki um hönnun á einstökum framkvæmdum.

Jafnhliða ofangreindri samgöngumálaathugun hafa starfsmenn Vegagerðar ríkisins haldið áfram vinnu við undirbúning hraðbrautaframkvæmda, sem hófust á miðju ári 1966, og hefur þetta verið gert á árinu:

#### 1. Vesturlandsvegur:

Á síðasta ári lá fyrir frumáætlun um kaflann frá enda Miklubrautar að Leirvogi, ásamt tengingu á Þingvallaveg.

Á þessu ári hefur verið unnið að lokaáætlun fyrsta hluta vegarins frá enda Miklubrautar vestan Elliðaár og að Höfðabakka, um 2.0 km kafla. Er sú áætlun langt komin og verður lokið um áramót.

Á kaflanum frá Leirvogi að Eyri í Kjós hefur verið unnið að fyrstu jarðvegskönnun og grunnmælingum, og loftmyndir hafa verið gerðar af sama kafla, en um gerð loftmyndakorta hefur ekki verið samið.

#### 2. Suðurlandsvegur:

Lokið var við frumáætlun um kaflann frá Reykjanesbraut hjá Blesugróf upp með Elliðaám að Rauðavatni. Þessi kafla vegarins er ekki þjóðvegur, en af skipulagsástæðum og vegna framhalds vegarins frá Rauðavatni var nauðsynlegt að gera frumáætlun fyrir þennan kafla. Unnið er að frumáætlun kaflans frá Rauðavatni að Lækjarbotnum, og ætti hún að geta legið fyrir um áramót. Á síðasta ári var lokið við frumáætlun um kaflann frá Lækjarbotnum að Svinahrauni. Vinna við frumáætlun kaflans frá Svinahrauni að Selfossi hefst nú í desember og ætti að geta legið fyrir á fyrri hluta næsta árs. Loftmyndakort af allri leiðinni frá Reykjavík að Selfossi munu fullgerð um næstu áramót.

#### 3. Gufunesvegur:

Frumáætlun um Gufunesveg milli Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur er lokið. Syðri hluti þessa kafla mun verða fyrsti áfangi af framkvæmdum við Suðurlandsveg.

#### 4. Reykjanesbraut:

Unnið er nú að gerð frumáætlunar um kaflann frá Miklubraut að Breiðholtsbraut, en staðið hefur á umferðarforsögn í nokkra mánuði. Ætti gerð þessarar áætlunar að ljúka upp úr áramótum.

Lokið var við gerð frumáætlunar um kaflann frá Breiðholtsbraut að Arnarnesvegi. Einnig var lokið við grófa frumáætlun um kaflann frá Arnarnesvegi að Hafnarfirði, en sú áætlun er aðallega gerð til þess að ákveða legu vegarins vegna vinnu við skipulag á þessu svæði.

5. **Hafnarfjarðarvegur:**

Á síðasta ári var lokið gerð frumáætlunar fyrir kaflann frá Hlíðarvegi í Kópavogi að Engidal.

Lokið er gerð loftmyndakorta fyrir vinnu við lokaáætlun.

6. **Hraðbrautir um Akureyri:**

Hafinn var fyrsti undirbúningur að mælingum og kortagerð með uppsetningu fastmerkja og samræmingu við kortagerð fyrir Akureyrarbæ.

7. Lokið var við nýja áætlun um umferðarmagn (umferðarforsögn) fyrir hraðbrautirnar næst Reykjavík, en áætlun þessi var gerð á vegum Borgarverkfræðingsins í Reykjavík, en Vegagerð ríkisins tók þátt í áætlunargerðinni og greiddi að hluta kostnað við hana.

Kostnaður við þennan undirbúning hraðbrautaframkvæmda á þessu ári verður um 5.4 m.kr.

**2. Til þjóðbrauta.**

(Töluliðir skv. vegáætlun 1965—1968):

1. **Vesturlandsvegur (B 1):**

b. Skeiðhóll—Lambasnasir:

Fjárveiting var 1.9 m.kr., þar af fóru 940 þús. kr. til greiðslu skulda. Lokið var undirbyggingu á 900 m löngum kafla fyrir neðan og vestan Skeiðhól.

e. Bjarkarlundur—Kollabúðir:

Fjárveiting 840 þús. kr., þar af fóru 142 þús. kr. til greiðslu á skuld. Unnið var að endurbyggingu vegar milli Bjarkarlundar og Kinnarstaða og tekinn í umferð 1.1 km kafla.

2. **Stykkishólmsvegur (B 26):**

a. Nesvogur:

Fjárveiting 400 þús. kr. Hafin var endurbygging vegarins um Nesvog og lokið undirbyggingu á 0.6 km kafla, sem einnig var mölborinn að nokkru.

3. **Ólafsvíkurvegur (B 37):**

a. Enni:

Fjárveiting 830 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld.

Föst lán um næstu áramót 4.034 þús. kr.

b. Rif:

Fjárveiting 290 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.

c. Staðarsveit:

Fjárveiting 300 þús. kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.6 km kafla hjá Staðastað.

4. **Grundarfjarðarvegur (B 48):**

a. Kolgrafir—Berserkjahraun:

Fjárveiting 80 þús. kr. Gerðar voru endurbætur á veginum um Kverná.

5. **Vestfjarðavegur (C 1):**

a. Sunnan Þingmannahelðar:

Fjárveiting 1.5 m.kr. og framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 5.99 m.kr., þar af bundnar greiðslur 948 þús. kr. Fullgerður var nú 4.8 km kafla

frá Eiði að Mjóafjarðará og að mestu kaflinn frá Tjaldanesi að Kirkjubóli. Þá var fullgerður um 2 km langur vegur norðan Kjálkafjarðar og undirbyggðir að nokkru 5 km sunnan fjarðarins. Byggð var bráðabirgðabrá á Þingmannaá fyrir um 450 þús. kr. af þessari fjárveitingu, eins og nánar er gerð grein fyrir í kaflanum um brúargerðir.

Föst lán um næstu áramót 14.2 m.kr.

**c. Breiðadalsheiði:**

Fjárveiting var 1.9 m.kr. og framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 5.09 m.kr., þar af bundnar greiðslur 1.47 m.kr. Endurbyggður var 2.3 km kaflinn í Dagverðardal og undirbyggður að mestu 0.6 km kaflinn neðan Tunguleitis. Á Há-Breiðadalsheiði og í Kinninni Öfundarfjarðarmegin var endurbyggður 0.5 km kaflinn til að fá úr því skorið, hvort endurbyggja mætti veginn um háheiðina með tilliti til snjóalaga í stað þess að gera jarðgöng, eins og fyrirhugað var, en rannsókn hefur leitt í ljós, að kostnaður við þau yrði miklu meiri en fyrst var áætlað. Vegna erfiðs tíðarfars var ekki hægt að vinna fyrir allri fjárveitingunni.

**6. Barðastrandarvegur (C 10):**

**a. Brjánslækur—Þverá:**

Fjárveiting 340 þús. kr. Þar af fóru 29 þús. kr. til greiðslu á skuld. Lokið var nú að fullu kaflanum frá Peningsdalsá, út með Vatnsfirði, 2.2 km, er undirbyggður var í fyrri, og var hann tekinn til umferðar.

**9. Siglufjarðarvegur (D 39):**

Fjárveiting í vegáætlun og skv. breytingu á vegalögum nr. 7/1968 var 21.1 m.kr. og framkvæmdalán 0.5 m. kr. Bundnar greiðslur námu 10.0 m.kr. Lokið var 2.6 km kaflinn um Hraun í Fljótum, frágangi á kaflanum frá jarðgöngum að Siglufirði og styrkingu jarðganga. Ólokið er smíði endanlegra hurða fyrir gangamunna.

Kostnaður fór um 900 þús. kr. fram úr áætlun vegna erfiðra aðstæðna við framkvæmd verksins, þar sem ekki mátti loka göngum nema að næturlagi.

Föst lán um næstu áramót verða 46.6 m.kr.

**10. Ólafsfjarðarvegur (E 2):**

**a. Um Ólafsfjarðarmúla:**

Fjárveiting var 2.0 m.kr. skv. vegáætlun og breytingu á vegalögum nr. 7/1968. Til greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánum fóru 1.9 m.kr. og 0.1 m.kr. til greiðslu bráðabirgðalána. Föst lán um næstu áramót nema 10.3 m.kr.

**12. Þingeyjarsýslubraut (E 25):**

**a. Við Einarsstaði:**

Fjárveiting 200 þús. kr. Fóru til greiðslu skuldar frá 1967.

**b. Um Aðaldalshraun:**

Fjárveiting 800 þús. kr. Fóru til greiðslu skuldar frá 1965 og 1967. Unnið var fyrir 0.7 m.kr. lánsfé skv. lántökuheimild í vegáætlun á þessu ári. Byggður var 3.0 km kaflinn um Syðra-Fjall.

**c. Austan Jökulsár vestan heiðar:**

Fjárveiting 350 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu á 4.3 km kafla norðan Kópaskers. Frágangi er ekki lokið, en kaflinn er nothæfur sem vetrarvegur.

- f. Á Ytra-Hálsi:  
Fjárveiting 500 þús. kr. Síðustu 1.6 km vegarins voru undirbyggðir og síðustu 3.1 km vegarins mölbornir að nokkru. Allur vegurinn er nú í notkun.
- g. Sunnan Þórshafnar:  
Fjárveiting 600 þús. kr. Undirbyggður var 2.3 km kafli og mölborinn að nokkru.
13. Austurlandsvegur (F 1):
- a. Í Möðrudal:  
Fjárveiting 800 þús. kr., framkvæmdalán 1.5 m.kr., þar af bundnar greiðslur 42 þús. kr. Undirbyggður var 7.0 km kafli frá Þrívörðuhálsi og austur fyrir Lönguhlíð. Þar af mölborinn 1.0 km kafli.  
Föst lán um áramót 1.5 m.kr.
- e. Á Breiðdalsheiði:  
Fjárveiting 420 þús. kr., auk þess var unnið fyrir um 300 þús. kr. af fjárveitingu f. í Breiðdal. Fullgerður var 0.7 km kafli um nýja brú á Breiðdalsá, og mölborinn var 2.6 km kafli, sem undirbyggður var 1967.
- f. Í Breiðdal:  
Fjárveiting 630 þús. kr., þar af voru 300 þús. kr. færðar til e. á Breiðdalsheiði. Undirbyggður var að mestu 2.0 km. kafli um Ásunnarstaði.
- g. Streitishvarf—Lónsheiði:  
Fjárveiting 1.450 þús. kr. Fullgerður var 1.5 km kafli utan við Fossá í Berufirði og 1.5 km kafli um nýja brú á Hamarsá.
- h. Geithellnahreppur—Bæjarhreppur:  
Fjárveiting 500 þús. kr. Lokið var að mestu við 0.7 km kafla við Svínhóla í Lóni.
14. Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (F 2):
- a. Á Hellisheiði:  
Fjárveiting 300 þús. kr. Undirbyggður var 1.0 km kafli og unnið að lagfæringum og mölburði norðan í heiðinni.
15. Norðfjarðarvegur (F 31):
- a. Um Fagradal:  
Fjárveiting 500 þús. kr. Mölborinn var 0.9 km kafli, sem undirbyggður var 1967, og auk þess fullgerður að mestu 0.6 km kafli ofan við Skriður.
16. Suðurfjarðavegur (F 31):
- a. Í Stöðvarfirði:  
Fjárveiting 400 þús. kr. Undirbyggður var 1.0 km kafli innan við þorpið í Stöðvarfirði.
- b. Um Vattarnes:  
Fjárveiting, skv. breytingu á vegalögum frá apríl 1968, 6.5 m.kr. Til afborgana af lánum fóru 1.241 þús. kr. Undirbyggður var 2.8 km kafli innan við Kolfreyjustað. Auk þess var vegurinn, sem alls er 15.3 km, mölborinn. Eftir er að aka slitlagi í 9.0 km kafla.  
Föst lán um næstu áramót 6.0 m.kr.
17. Suðurlandsvegur (G 1):
- a. Gljúfurholtsá—Kotströnd:  
Fjárveiting 630 þús. kr. fór til greiðslu skuldar vegna tengingar Gljúfurholtsárbrúar og Bakkárholtbrúar á s. l. ári.

- b. Brekkuholt—Efri Rauðilækur:  
Fjárveiting 620 þús. kr., geymt frá fyrra ári 248 þús. kr. og fært frá c. Dalsás—Miðdalur 100 þús. kr. Fullgerður var 1.2 km kafla um Ægissíðugil ásamt byggingu ræsis.
  - c. Dalsás—Miðdalur:  
Fjárveiting 470 þús. kr. 370 þús. kr. fóru til greiðslu skulda og 100 þús. kr. voru færðar til b. Brekkuholt—Efri Rauðilækur.
19. Þingvallavegur (G 3):
- c. Valhöll—Vatnsvík:  
Fjárveiting var 780 þús. kr., þar af fór til greiðslu skuldar 87 þús. kr. Vegurinn var lagfærður innan þjóðgarðsins á um 5 km kafla frá Háugjá austur fyrir Vatnsvík, 1 km kafla frá afleggjaranum að Vatnskoti inn að Vatnsvíki var endurbyggður að mestu.

### 3. Til landsbrauta.

(Töluliðir skv. vegáætlun 1965—1968).

2. Grindavíkurvegur (A 5):
- b. Um Selháls:  
Fjárveiting 235 þús. kr., þar af til greiðslu skuldar 121 þús. kr. Unnið var að breikkun og lagfæringu vegarins við Gíghæð.
3. Kjósarskarðsvegur:
- a. Hjalli—Eyjatjörn—Laxá og
  - b. Um Laxá:  
Fjárveiting 265 þús. kr. Jafnaðir voru ruðningar frá Eyjatjörn að Hvassalæk og borið ofan í þann kafla. Enn fremur var lagður 200 m kafla hjá Fellsenda.
4. Dragavegur (B 2):  
Fjárveiting 200 þús. kr. Til greiðslu á skuld fóru 118 þús. kr. Lokið var undirbyggingu á 0.6 km kafla, hann mölborinn að nokkru og tekinn í notkun.
6. Skorradalsvegur (B 9):
- a. Merkgil—Háafell:  
Fjárveiting 200 þús. kr., þar af fóru 80 þús. kr. til greiðslu á skuld. Greiddar voru að fullu landbætur og girðingar að Háafelli.
8. Flókadalsvegur (B 14):  
Fjárveiting 200 þús. kr. Ekkert var unnið í veginum á þessu ári og fjárveitingin lánuð til Reykdælavegar.
9. Reykdælavegur (B 16):
- a. Rauðsgil—Búrfell:  
Fjárveiting 200 þús. kr. og auk þess lán frá Flókadalsvegi 200 þús. kr. Fullgerður var og tekinn til notkunar 1.2 km kafla að Auðsstöðum.
10. Hálsasveitarvegur (B 17):  
Fjárveiting 300 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld.



11. **Grjóthálsvegur (B 20):**  
 a. Þverárrétt:  
 Fjárveiting 155 þús. kr. Endurbyggður var 0.6 km kafli á Högnastaða-  
 melum og gerðar endurbætur á veginum hjá Helgavatni.
12. **Norðurárdalsvegur (B 22):**  
 a. Frá Háreksstöðum:  
 Fjárveiting 400 þús. kr. Fullgerður var og tekinn til notkunar 0.4 km  
 kafli um Glitstaðatún og greiddar þar landbætur. Einnig var eldri vegur  
 endurbættur með sprengingum.
16. **Hraunhreppsvegur (B 30):**  
 a. Um Akra:  
 Fjárveiting 500 þús. kr. Þar af fóru 18 þús. kr. til greiðslu á skuld. Full-  
 gerður var og tekinn til notkunar 3.0 km kafli, um Akra, að mestu undir-  
 byggður 1967. Einnig var fullgerður 0.4 km kafli norðan Akraóss.
17. **Heydalsvegur (B 34):**  
 a. Hnappadalur:  
 Fjárveiting 100 þús. kr. og framkvæmdalán 1.7 millj. kr. Til greiðslu  
 skulda og lántökukostnaðar fóru 244 þús. kr. Fullgerður var 0.7 km kafli á  
 álmu að Hallkelsstaðahlíð og lokið undirbyggingu 1.5 km kafla hjá Hegg-  
 stöðum. Þá var unnið að undirbyggingu á 1.4 km kafla á Heydal og mölbör-  
 inn þar að nokkru 0.6 km kafli. Einnig voru grafnir samtals 3.7 km af veg-  
 skurðum, og er þá lokið skurðgrefti vegna vegarins.
19. **Skógarnesvegur (B 36):**  
 Fjárveiting 100 þús. kr. Unnið var að ýmsum endurbótum á veginum.
22. **Útnesvegur (B 41):**  
 a. Hellnahraun—Stapafell:  
 Fjárveiting 270 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.
25. **Langadalsvegur (B 47):**  
 Fjárveiting 90 þús. kr. Lokið var lagningu 0.9 km kafla og hann tekinn  
 til umferðar.
26. **Hörðudalsvegur (B 48):**  
 Fjárveiting 100 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.
29. **Haukadalsvegur (B 51):**  
 Fjárveiting 100 þús. kr., þar af fóru 87 þús. kr. til greiðslu á skuld. Fjár-  
 veitingin annars notuð til endurbóta á ræsum í veginum.
30. **Laxárdalsvegur (B 52):**  
 a. Laxárdalur:  
 Fjárveiting 183 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.  
 b. Norðan Laxár — Hjarðarholtsvegur:  
 Fjárveiting 150 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.
31. **Klofningsvegur (B 53):**  
 Fjárveiting 800 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.

32. Neðribyggðarvegur (B 54):  
Fjárveiting 100 þús. kr. Unnið var að endurbótum á veginum um Knarrarhöfn.
34. Staðarhólsvegur (B 56):  
Fjárveiting 100 þús. kr. Þar af fóru 7 þús. kr. til greiðslu á skuld. Unnið var að tengingu nýrrar brúar á Staðarhólsá hjá Bjarnastöðum.
35. Sælingsdalsvegur (B 57):  
Fjárveiting 100 þús. kr. fór til greiðslu á skuld.
42. Bildudalsvegur (C 15):  
b. Trostansfjörður á Vestfjarðaveg:  
Fjárveiting 100 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld.  
Föst lán um næstu áramót 7.4 m.kr.
47. Súgandafjarðarvegur (C 25):  
a. Um Botnsdal á Botnsheiði:  
Fjárveiting 700 þús. kr., geymslufé 169 þús. kr. og framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 2.89 m.kr., þar af var greiddur lántökukostnaður 174 þús. kr. Endurbyggður var 0.3 km kafla á Botnsheiði, sprengd burtu klettahæð og lokið að fullu nýjum kafla 1.2 km löngum og unnið að undirbyggingu á 1.0 km kafla. Í Spillisvegi voru endurbyggðir með sprengingum tveir kaflar, samtals um 350 m.  
Föst lán um næstu áramót 4.5 m.kr.
48. Bolungarvíkurvegur (C 27):  
Fjárveiting 800 þús. kr., geymt frá fyrra ári 244 þús. kr. og framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 1.0 m.kr., þar af bundnar greiðslur 417 þús. kr. Unnið var að breikkun vegar með sprengingum, þar sem hann lá undir hömr-um, alls 600—700 m. Einnig var vegurinn frá Skarfaskeri, um 6 km, yfirbyggður.  
Föst lán um næstu áramót 9.9 m.kr.
49. Djúpvegur (C 29):  
a. Hattareyri—Eyri og  
b. Frá Ögri að Hjöllum:  
Fjárveiting 1.5 m.kr., þar af fór til greiðslu á skuld 244 þús. kr. Lokið undirbyggingu á 1.4 km kafla inn fyrir Hjalla í Skötufirði, fullgerður 0.3 km vegur um nýja brú á Eyrargili á Eyrarfjalli og 150 m vegur um brú á Hádegisgili í Ísafirði.  
c. Að flugvelli:  
Framkvæmdalán samkv. Vestfjarðaáætlun 680 þús. kr., þar af bundnar greiðslur 403 þús. kr. Fullgerður var 0.5 km kafla frá Kirkjubæ að þvervegi niður á flugvöll.  
Föst lán um næstu áramót 6.8 m.kr.
50. Vatnsfjarðarvegur (C 30):  
b. Í Ísafirði og Reykjarfirði:  
Fjárveiting 250 þús. kr., þar af fóru 77 þús. kr. til greiðslu á skuld. Lokið var yfirbyggingu vegar milli Hörngshlíðar og Keldu.

51. **Snæfjallastrandarvegur (C 34):**  
 a. Mórilla—Lónseyri:  
 Fjárveiting 210 þús. kr. Framkvæmdum frestað sökum skemmdar á Mórillubru.
52. **Strandavegur (C 37):**  
 d. Djúpuvíkurkleifar, Djúpuvík:  
 Fjárveiting 500 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld.  
 e. Eyri í Ingólfsfirði—Ófeigsfjörður:  
 Fjárveiting 100 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld.
53. **Drangnesvegur (C 41):**  
 Fjárveiting 254 þús. kr. Endurbyggðir voru tveir snjóþungir kaflar á Selströnd, samtals um 0.9 km.
55. **Miðfjarðarvegur (D 4):**  
 a. Norðan Urriðaár:  
 Fjárveiting 300 þús. kr. Endurbyggður var 0.8 km kafli og 1.0 km kafli lagfærður.
56. **Vesturárdalsvegur (D 5):**  
 a. Að Húki:  
 Fjárveiting 205 þús. kr. Lagður var 1.5 km langur vegur að Húki.
58. **Borgarvegur (D 10):**  
 a. Frá Stöðu að Bjarghúsum:  
 Fjárveiting 315 þús. kr., þar af fóru 70 þús. kr. til greiðslu skuldar frá s. l. ári. Unnið var að undirbyggingu á 2.4 km kafla, og er því verki nær lokið.
62. **Reykjabraut (D 15):**  
 a. Frá Beinakeldu að Reykjum:  
 Fjárveiting 500 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu á 20 km kafla vestan Reykja, þar af lokið 0.8 km.
66. **Skagavegur (D 23):**  
 a. Í Gönguskörðum:  
 Fjárveiting 400 þús. kr. Grafnir voru skurðir og unnið að undirbyggingu á 1.6 km kafla við Kallá.
67. **Neðribyggðarvegur (D 24):**  
 a. Um Sölvabakka:  
 Fjárveiting 100 þús. kr. Undirbyggður var 1.3 km kafli.
68. **Þverárfjallsvegur (D 26):**  
 a. Um Njálstaðabrúnir:  
 Fjárveiting 330 þús. kr. Undirbyggður var 1.8 km kafli.
72. **Efribyggðarvegur (D 31):**  
 a. Frá Álfgeirsvöllum að Vatni:  
 Fjárveiting 615 þús. kr. Lokið var undirbyggingu 2.0 km kafla.

74. **Sléttuhlíðarvegur (D 50):**  
Fjárveiting 105 þús. kr., auk 77 þús. kr. fjárveitingar frá 1967, en þá var framkvæmdum frestað. Mölborinn var kaflinn frá Siglufjarðarvegi að Arnarstöðum og Skálaá.
75. **Að Félagsheimili Varmahlíð (E 1—9):**  
Fjárveiting 120 þús. kr. Lokið var mölburði og frágangi á veginum.
76. **Ólafsfjarðarvegur eystri (E 3):**  
a. Hóll—Vatnsendi:  
Fjárveiting 100 þús. kr. Byggður var 0.5 km kafli hjá Kálfsá.
77. **Svarfaðardalsvegur (E 4):**  
a. Hjá Klaufabrekku:  
Fjárveiting 430 þús. kr., en auk þess var unnið fyrir 520 þús. kr. fjárveitingu í Skíðadalsveg. Byggður var 1.4 km kafli hjá Klaufabrekku.
78. **Skíðadalsvegur (E 5):**  
a. Tungur:  
Fjárveiting 525 þús. kr. flutt í Svarfaðardalsveg hjá Klaufabrekku, enda útilokað að ná mætti nothæfum áfanga um Tungur.
83. **Dagverðareyraryrvegur (E 11):**  
a. Að útvarpsstöð:  
Fjárveiting 1967 410 þús. kr. Framkvæmdum var frestað, nema hvað grafnir voru skurðir meðfram fyrirhugaðri veglínu.
85. **Eyjafjarðarbraut (E 13):**  
a. Við Rifkelsstaði:  
Fjárveiting 200 þús. kr. Undirbyggður var 800 m kafli við Torfufellsá.
89. **Fremstafellsvegur (E 21):**  
a. Frá Kinnarvegi:  
Fjárveiting 200 þús. kr. Unnið var að breikkun og hækkun frá Kinnarvegi að Fremstafelli.
93. **Reykjahverfisvegur (E 26):**  
a. Helluland—Grenjaðarstaður:  
Fjárveiting 170 þús. kr. fór til greiðslu skuldar.
94. **Hvammavegur (E 27):**  
a. Við nýja brú á Laxá:  
Fjárveiting 630 þús. kr. Byggður var 2.0 km kafli frá Þingeyjarsýslubraut að Vestur-Haga.
95. **Fagranesvegur (E 29):**  
a. Sunnan Hellulands:  
Fjárveiting 159 þús. kr. Lagður var 0.3 km kafli frá Reykjahverfisvegi.
97. **Austurhlíðarvegur (E 32):**  
a. Við Laugaskóla:  
Fjárveiting 78 þús. kr. Mólborinn var 0.2 km kafli, sem undirbyggður var á síðasta ári.

99. **Baldursheimsvegur (E 35):**  
 a. Norðan Baldursheims:  
 Fjárveiting 100 þús. kr. Unnið var að endurbótum á öllum veginum.
102. **Hólsfjallavegur (E 39):**  
 a. Jökulsá—Beitivallamór:  
 Fjárveiting 665 þús. kr. Lokið var við kafla móts við Vestara-Land. Lagður var 2.0 km vegur norðan Grímsstaða. Í samráði við þingmenn og með leyfi viðkomandi oddvita voru 100 þús. kr. af fjárveitingunni notaðar til að undirbyggja og mólbera að nokkru 2.2 km kafla um Núpsmýri á Þingeyjarsýslubraut.
110. **Vopnafjarðarvegir (F 2—F 9):**  
 Fjárveiting 700 þús. kr. Undirbyggður var 1.5 km kafli utan við Krossavík.
112. **Jökulsdalsvegur efri (F 12):**  
 Fjárveiting 500 þús. kr. Undirbyggður var 2.0 km kafli innan við Hákonarstaði.
114. **Hróarstunguvegir (F 14—F 17):**  
 Fjárveiting 460 þús. kr. Fullgerður var 0.3 km kafli við Dagverðargerði, og byggt var eitt ristarhlið.
116. **Upphéraðsvegur (F 19):**  
 Fjárveiting 600 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.
117. **Suðurdalsvegur í Fljótsdal (F 22):**  
 Fjárveiting 100 þús. kr. Lagður var 0.3 km kafli utan við Víðivelli ytri.
118. **Fjarðarheiðarvegur (F 23):**  
 Fjárveiting 500 þús. kr. Unnið var að endurbótum á 1.0 km kafla ofan við Steinholt.
120. **Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F 25):**  
 Fjárveiting 700 þús. kr. Fullgerður var 0.9 km kafli um Skriðujaðra í Njarðvík. Auk þess voru byggð 3 ræsi.
121. **Hjaltastaðapínghárvegir (F 15, F 26—F 28):**  
 Fjárveiting 114 þús. kr. Mólborinn var 0.8 km kafli, sem undirbyggður var 1967. Auk þess lagfært og mólborið um Dratthalastaði.
123. **Mjóafjarðarvegur (F 32):**  
 Fjárveiting 100 þús. kr. Unnið var að mólburði og lagfæringum í Eyvindarárdal og Slenjudal.
129. **Austurlandsvegur í Skaftafellssýslu (F 1):**  
 a. Austan Jökulsár á Breiðamerkursandi:  
 Fjárveiting 500 þús. kr. Fullgerður var 1.5 km kafli austan Fellsár.  
 b. Vestan Jökulsár á Breiðamerkursandi:  
 Fjárveiting 400 þús. kr. Undirbyggður var 2.0 km kafli um Kviármýri.

130. **Suðurlandsvegur (G 1):**  
 b. Skaftáreldahraun—Dyngjur:  
 Fjárveiting 1 470 þús. kr. Greidd skuld til Meðallandsvegur 150 þús. kr. Fullgerður var 0.6 km kafli um Kálfá og yfirbyggður 2.8 km kafli í Eldhrauni, sem undirbyggður var á s. l. ári.
131. **Þorlákshafnarvegur (G 6):**  
 a. Við Þorlákshöfn:  
 Fjárveiting 400 þús. kr. Endurbyggður var efsti hluti vegarins og sett upp nýtt ristarhlið.
133. **Geysisvegur (G 20):**  
 b. Tungufljót—Kjóastaðir:  
 Fjárveiting 633 þús. kr. Greidd skuld 100 þús. kr. Undirbyggður var kaflinn Kjóastaðir—Brattholt, um 4.7 km.
137. **Gaulverjabæjarvegur (G 41):**  
 Geymd fjárveiting 150 þús. kr. frá fyrra ári. Fullbyggður var 1.7 km kafli frá Ísólfskála og austur fyrir Skip.
142. **Fljótshlíðarvegur (G 60):**  
 a. Deild—Þverá:  
 Fjárveiting 300 þús. kr. Geymt frá fyrra ári 100 þús. kr. Framkvæmdum frestað til næsta árs.
143. **Út-Landeyjavegur (G 62):**  
 b. Ytri-Hóll II—Ártún:  
 Fjárveiting 640 þús. kr. Til greiðslu skuldar fóru 40 þús. kr. Endurbyggðir voru um 4.8 km af veginum.
144. **Álftaversvegur (G 83):**  
 a. Herjólfstaðir—Hraunbær:  
 Fjárveiting 200 þús. kr. Til greiðslu skuldar fóru 46 þús. kr. Fullgerður var að mestu 1.1 km kafli um Norðurhjáleigu.
145. **Búlandsvegur (G 84):**  
 a. Gröf—Hvammsá:  
 Fjárveiting 125 þús. kr. Til greiðslu skuldar fóru 97 þús. kr. Lokið var yfirbyggingu kafla, sem undirbyggður var 1966.

#### 4. Til girðinga og uppgræðslu með vegum.

Fjárveiting var 2 823 þús. kr. Var henni skipt þannig, að 1 623 þús. kr. voru ætlaðar til uppgræðslu, en 1 200 þús. kr. til girðinga.

1. **Uppgræðsla.** Haldið var áfram á svipaðan hátt og í fyrra og einnig borinn áburður á þar sem sáð var síðastliðið ár.

Alls var keyptur áburður og fræ í sem svarar 400 ha. í nýsáningu og um 200 ha. til áburðar á eldri sáningar.

2. **Girðingar.** Til þess að mæta lögætum kröfum um girðingar samkv. girðingarlögum var varið alls 1 200 þús. kr., og dreifist sú fjárveiting um alla landshluta.

#### IV. TIL FJALLVEGA, REIÐVEGA OG FERJUHALDS

##### 1. Til aðalfjallvega.

1. Kaldadalsvegur:  
Fjárveiting 150 þús. kr. fór til vanalegs viðhalds á veginum.
2. Kjalvegur:  
Fjárveiting 300 þús. kr. var varið til vanalegs viðhalds.
3. Sprengisandsleið:  
Fjárveiting 350 þús. kr. var varið til endurbóta og merkinga á veginum.
4. Fjallabaksvegur nyrðri:  
Fjárveitingin 200 þús. kr. fór eingöngu til venjulegs viðhalds á veginum.

##### 2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting var 1 m.kr. Fé þessu var skipt, eins og hér greinir:

| Heiti vegar                                    | Kjördæmi        | Upph. í þús. kr. |     |
|--|-----------------|------------------|-----|
| 2. 1. Vegur suður að Bláfjöllum .....          | Reykjanes       | 25               |     |
| 2. 2. Vegur að skíðaskála í Skálafelli .....   | —               | 25               |     |
| 2. 3. Vegur að skíðaskála í Jósefsdal .....    | —               | 25               | 75  |
|  |                 | —                |     |
| 2. 4. Vegur að Langavatni á Mýrum .....        | Vesturlands     | 30               |     |
| 2. 5. Vegur um Fljótstunguhlíð .....           | —               | 20               |     |
| 2. 6. Vegur að Víghóli í Kjarradal .....       | —               | 20               |     |
| 2. 7. Vegur að Sanddalsafrétt .....            | —               | 20               |     |
| 2. 8. Vegur að Arnarvatnsheiði .....           | —               | 10               | 100 |
|  |                 | —                |     |
| 2. 9. Vegur að Laxárdalsheiði í A-Barð. ....   | Vestfjarða      | 20               |     |
| 2.10. Vegur um Kollafjarðarheiði .....         | —               | 10               |     |
| 2.11. Vegur að Vatnsdalsvatni .....            | —               | 10               |     |
| 2.12. Vegur í Keflavík í V-Barð. ....          | —               | 30               |     |
| 2.13. Vegur um Selárdalsheiði, V-Barð. ....    | —               | 15               |     |
| 2.14. Vegur um Nesdal, V-Ís. ....              | —               | 10               |     |
| 2.15. Vegur um Miðdal í Dýrafirði .....        | —               | 10               |     |
| 2.16. Vegur að Glámu .....                     | —               | 20               |     |
| 2.17. Vegur að skíðaskála á Ísafirði .....     | —               | 10               |     |
| 2.18. Vegur um Trékylisheiði, Strandas. ....   | —               | 20               | 155 |
|  |                 | —                |     |
| 2.19. Vegur um Viðidalstunguheiði .....        | Norðurl. vestra | 30               |     |
| 2.20. Vegur um Grímstunguheiði .....           | —               | 25               |     |
| 2.21. Vegur um Kiðaskarð .....                 | —               | 15               |     |
| 2.22. Vegur um Mælifellsdal .....              | —               | 25               |     |
| 2.23. Vegur um Hofsfjall .....                 | —               | 15               | 110 |
|  |                 | —                |     |
| 2.24. Vegur að skíðaskála á Hliðarfjalli ..... | Norðurl. eystra | 10               |     |
| 2.25. Vegur í Öskju .....                      | —               | 35               |     |
| 2.26. Vegur að Dettifossi .....                | —               | 15               |     |
| 2.27. Brú á Parká í Víkum .....                | —               | 5                |     |
| 2.28. Ýmsir fjallvegir í S-Þing. ....          | —               | 50               |     |
| 2.29. Ýmsir fjallvegir í N-Þing. ....          | —               | 25               |     |
| 2.30. Vegur um Dalsheiði í N-Þing. ....        | —               | 15               | 155 |
|  |                 | —                |     |

| Heiti vegar  | Kjördæmi    | Upph. í þús. kr. |
|--|-------------|------------------|
| 2.31. Brúarvegur á Jökuldal í N-Múl .....                              | Austurlands | 20               |
| 2.32. Vegur á Miðfjarðarheiði, N-Múl. ....                             | —           | 10               |
| 2.33. Vegur á Smjörvatnsheiði .....                                    | —           | 10               |
| 2.34. Afréttarvegir í Berufirði .....                                  | —           | 20               |
| 2.35. Afréttarvegir í Geithellnahreppi .....                           | —           | 20               |
| 2.36. Vegur um Kollumúla .....   | —           | 60               |
| 2.37. Göngubrú á Slenju .....  | —           | 50               |
|  |             | 190              |
| 2.38. Fjallabaksvegur syðri .....                                      | Suðurlands  | 15               |
| 2.39. Vegur að Eyjafjallajökli, Fimmvörðuhálsi og<br>Tindfjöllum ..... | —           | 40               |
| 2.40. Afréttarvegur í Þjórsárdal .....                                 | —           | 30               |
| 2.41. Vegur að Laka .....  | —           | 45               |
| 2.42. Vegur um Hlöðuvelli .....  | —           | 30               |
| 2.43. Afréttavegur í Biskupstungum .....                               | —           | 15               |
|  |             | 175              |
| 2.44. Ferðafélag Akureyrar .....                                       | —           | 10               |
| 2.45. Ferðafélag Íslands .....   | —           | 15               |
| 2.46. Ófyrirséð .....  | —           | 15               |
|  |             | 40               |
|  |             | Alls 1000        |

### 3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 200 þús. kr., og skipti Landssamband hestamanna þeirri upphæð til hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

|   |             |
|---|-------------|
| 1. Hestamannafélagið Freyfaxi, Héraði ..... | 30 þús. kr. |
| 2. — Léttfeti, Sauðárkróki .....            | 15 — —      |
| 3. — Fákur, Reykjavík .....                 | 40 — —      |
| 4. — Trausti, Árnessýslu .....              | 20 — —      |
| 5. — Logi, Biskupstungum .....              | 20 — —      |
| 6. — Léttir, Akureyri .....                 | 20 — —      |
| 7. — Hörður, Kjalarnesi .....               | 25 — —      |
| 8. — Þjálfí, S-Þing. ....                   | 15 — —      |
| 9. — Sleipnir, Selfossi .....               | 15 — —      |

Alls 200 þús. kr.

### 4. Til ferjuhalds.

Fjárveiting var 10 þús. kr., og var henni varið til kostnaðar við lögferjur, en reikningsskil liggja enn ekki fyrir.

### V. TIL BRÚARGERÐA

Í vegáætlun í ár eru fjárveitingar til brúargerða á lið V.1 og V.2, svo sem hér segir:

|  |            |
|--|------------|
| 1. Til stórbrúa .....                      | 14.1 m.kr. |
| 2. Til brúa 10 m og lengri .....           | 19.7 —     |
| 3. Til brúargerða skv. l. nr. 7/1968 ..... | 10.0 —     |

Alls 43.8 m.kr.

Með lögum nr. 7/1968 um breytingu á vegalögum nr. 71/1963 var tekin upp 10 m.kr. fjárveiting til brúargerða í ár til þess að mæta hækkunum vegna verðbreyt-



inga, er orðið höfðu, eftir að vegáætlun var endurskoðuð 1967. Þessi hækkun á áætlunum brúargerðarkostnaði í ár skiptist þannig:

|  |            |
|--|------------|
| Hækkun vegna stórbrúa .....            | 6.65 m.kr. |
| Hækkun vegna brúa 10 m og lengri ..... | 4.06 —     |

Alls 10.71 m.kr.

Þar sem áætluð hækkun á brúargerðarkostnaði var 710 þús. kr. hærrí en fjárveitingin, þá ákvað ráðuneytið eftir tillögu vegamálastjóra, að það sem á vantaði fjárveitingu yrði til bráðabirgða tekið af 2.210 þús. kr. fjárveitingu til brúar á Hvítá hjá Bjarnastöðum í Borgarfirði, þar sem áætlaður kostnaður við þá brúargerð er 7.1 m.kr. og því hér aðeins um fyrstu fjárveitingu að ræða. Þá var og ákveðið að tillögu vegamálastjóra, að afganginum af fjárveitingu Hvítárbrúar, 1.5 m.kr., yrði til bráðabirgða ráðstafað til endurbyggingar á brú á Fljótsvegi á Landeyjavegi 1.0 m.kr. og til byrjunarframkvæmda við brýr á Hólsá og Stigá í Örafum 0.5 m.kr., eins og nánar er skýrt hér á eftir.

### 1. Til stórbrúa.

#### 1. Brú á Fnjóská hjá Hrísgarði (E 1):

Lokið var við yfirbyggingu brúarinnar, en stöplar voru byggðir 1967. Brúin er 96 m löng stálbitabrá í 3 höfum. Gólf er steipt, og hefur það tvöfalda akbraut, 8.0 m breiða. Brúin var tekin í notkun í október. Áætlaður kostnaður er alls 15.200 þús. kr.

#### 2. Brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum (B 18):

Byggð var 120 m löng steipt bitabrá í 6 höfum. Nýja brúin leysir af hólmi bogabrá frá 1915, sem bæði var mjó og of veikburða fyrir þunga umferð. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður er 7150 þús. kr.

#### 3. Brú á Hrutá í Örafum (F 1):

Byggð var 70 m löng stálbitabrá í 3 höfum. Gólf er úr timbri. Með þessari brú var rutt úr vegi síðustu stóru hindruninni fyrir samgöngur í Örafasveit að austan. Framkvæmdum var lokið í september. Áætlaður kostnaður er 4370 þús. kr.

#### 4. Brú á Hverfisfljót í V-Skaft. (G 1):

Byggð var 60 m löng stálbitabrá með steiptu gólfi yfir 3 höf. Brúin er byggð nokkru ofar en gamla brúin, sem byggð var 1913, en sú brú var mjög mjó og burðarlítill. Brúin var tekin í notkun í október. Áætlaður kostnaður er 5830 þús. kr.

### 2. Til brúa 10 m og lengri.

#### 1. Brú á Gljúfurholtsá og Bakkáholtsá í Ölfusi (G 1):

Fjárveiting var 2000 þús. kr. Brýr þessar voru byggðar 1967, en höfðu ekki fulla fjárveitingu þá, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1967.

#### 2. Brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum (B 18):

Fjárveiting var 2210 þús. kr. Hér er aðeins um byrjunarfjárveitingu að ræða, en kostnaður við verkið er áætlaður 7100 þús. kr. Var framkvæmdum frestað, sbr. greinargerð hér á undan.

#### 3. Brú á Staðarhólsá hjá Bjarnastöðum (sýsluvegur):

Byggð var 16 m löng stálbitabrá með timburgólfi, og var hún tekin í notkun í september. Áætlaður kostnaður er 970 þús. kr.

4. **Brú á Mjóafjarðará á Vestfjarðavegi (C 1):**  
Byggð var 14 m löng steipt bitabrá, og var framkvæmdum lokið í ágúst. Áætlaður kostnaður er 1030 þús. kr.
5. **Brú á Kjálkafjarðará á Vestfjarðavegi (C 1):**  
Byggð var 24 m steipt bitabrá í 2 höfum. Var brúargerðinni lokið í september. Áætlaður kostnaður er 1630 þús. kr.
6. **Brú á Katadalsá í V-Hún. (sýsluvegur):**  
Byggð var 11 m löng stálbitabrá með timburgólfi. Var brúin tekin í notkun um mitt sumar. Áætlaður kostnaður er 640 þús. kr.
7. **Brú á Húseyjarkvísl í Skagafirði (sýsluvegur):**  
Byggð var 34 m löng brú í 2 höfum. Burðarbitar eru úr stáli, en gólf úr timbri. Brúin var tekin til umferðar í haust. Áætlaður kostnaður er 1870 þús. kr.
8. **Brú á Flókadalsá í Fljótum (sýsluvegur):**  
Byggð var 14 m stálbitabrá með timburgólfi, og var framkvæmdum lokið um mitt sumar. Áætlaður kostnaður er 970 þús. kr.
9. **Brú á Svartá hjá Skeggstöðum (sýsluvegur):**  
Byggð var 25 m stálbitabrá með timburgólfi. Var brúin tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður er 1810 þús. kr.
10. **Brú á Torfufellsá í Eyjafirði (E 13):**  
Byggð var 14 m löng stálbitabrá með timburgólfi. Var brúin tekin í notkun í nóvember. Áætlaður kostnaður er 1080 þús. kr.
11. **Brú á Laxá hjá Hólmavaði (E 27):**  
Byggð var 36 m löng brú í einu hafi. Burðarbitar brúarinnar eru úr stáli, en gólf úr timbri. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður er 2910 þús. kr.
12. **Brú á Eyvindará á Mjóafjarðarvegi (F 32):**  
Byggð var 30 m löng stálbitabrá í 2 höfum. Gólf er úr timbri. Framkvæmdum lauk í september. Áætlaður kostnaður er 1670 þús. kr.
13. **Brú á Breiðdalsá í Breiðdal (F 1):**  
Byggð var 14 m löng steipt bitabrá, og var framkvæmdum lokið síðari hluta sumars. Áætlaður kostnaður er 1090 þús. kr.
14. **Brú á Njarðvíkurá í Borgarfirði eystra (sýsluvegur):**  
Byggð var 16 m stálbitabrá með timburgólfi, og var hún tekin í notkun í október. Áætlaður kostnaður er 1070 þús. kr.
15. **Brú á Fellsá í Suðursveit (F 1):**  
Byggð var 46 m löng brú í 3 höfum. Burðarbitar eru úr stáli, en gólf úr timbri. Var brúin tekin í notkun í september. Áætlaður kostnaður er 3060 þús. kr.

### 3. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 6.3 m.kr., og var henni varið til byggingar eftirtalinnna brúa. Áætlaður heildarkostnaður vegasjóðs vegna þessara brúa er 6 626 þús. kr. eða 326 þús. kr. hærri en fjárveiting. Þar sem verulegur hluti fjárveitingarinnar fer til endurbygginga gamalla brúa, sem ella hefðu þurft mikið viðhald, ákvað ráðuneytið, að tillögu vegamálastjóra, að færa þessa upphæð, 326 þús. kr., á viðhaldskostnað brúa.

| Heiti                            | Vegur   | Lengd<br>m | Áætl.<br>kostn.<br>þús. kr. | Kostnaður<br>vegasjóðs<br>þús. kr. | Athugasemdir        |
|----------------------------------|---------|------------|-----------------------------|------------------------------------|---------------------|
| 1. Seleyrargil innra .....       | B 1     | 4          | 790                         | 790                                | Endurbygging        |
| 2. Giljalækur í Hálsasveit ....  | Sýsluv. | 6          | 240                         | 60                                 |                     |
| 3. Lækjaskógarlækur í Dalas. .   | Sýsluv. | 5          | 240                         | 60                                 |                     |
| 4. Helluá í Dalasýslu .....      | B 60    | 6          | 490                         | 490                                |                     |
| 5. Þverá í Kjálkafirði .....     | C 1     | 4          | 370                         | 370                                |                     |
| 6. Hvammsá á Hvammst. ....       | D 7     | 6          | 550                         | 460                                | Brú í þéttbýlisvegi |
| 7. Lambhagakvisl í Skagaf. ..    | Sýsluv. | 7          | 84                          | 21                                 | Byggð 1967          |
| 8. Eyjafjarðará hjá Halldórsst.  | Sýsluv. | 9          | 550                         | 140                                |                     |
| 9. Grjótá í Fnjóskadal .....     | E 16    | 6          | 430                         | 430                                | Endurbygging        |
| 10. Sellækur í Bakkaf. ....      | F 3     | 7          | 360                         | 360                                |                     |
| 11. Einarsstaðaá í Stöðvarf. ... | F 39—1  | 6          | 300                         | 300                                | Byggð 1967          |
| 12. Forviðará í Skriðdal .....   | F 1     | 5          | 510                         | 510                                |                     |
| 13. Vattará í Örafum .....       | F 1     | 8          | 620                         | 620                                |                     |
| 14. Kálfá í Skaftárt. ....       | G 1     | 6          | 660                         | 660                                | Endurbygging        |
| 15. Skipagerðisós .....          | G 65    | 5          | 500                         | 500                                | Endurbygging        |
| 16. Eyjafljót hjá Forsæti .....  | G 62    | 8          | 608                         | 608                                | Endurb. 1967        |
| 17. Lækur á Þingskálavegi ....   | G 56    | 4          | 247                         | 247                                | Byggð 1967          |
| Samtals                          |         |            | 6626                        |                                    |                     |

#### Aðrar brúargerðarframkvæmdir.

##### 1. Brú á Fljótsvegi í Landeyjum:

Á Landeyjavegi syðri, sem tengir saman Austur- og Vestur-Landeyjar, var 16 m löng timburbrú á Fljótsvegi, og var hún byggð fyrir um það bil 20 árum. Þar sem vatnsmagn í Fljótsvegi hefur aukizt til muna á undanförunum tveim áratugum vegna landþurrkunarframkvæmda, þá var brú þessi orðin of stutt, og hafa orðið á henni skemmdir nærri árlega í flóðum undanfarin ár og síðast í flóðunum í lok febrúar á yfirstandandi ári. Auk þessa var brúin orðin mjög veikbyggð fyrir núverandi umferð.

Þar sem ógjörningur var talinn að gera við brúna einu sinni enn, þá var að tillögu vegamálastjóra byggð þar 20 m löng steinsteypt brú, og var áætlaður kostnaður við framkvæmdina 1 100 þús. kr. Til greiðslu þessa kostnaðar var varið til bráðabirgða 1 m.kr. af geymslufé Hvítárbrúar hjá Þjarnastöðum, svo sem að framan greinir, og enn fremur 100 þús. kr. af viðhaldsfé brúa, þar sem að minnsta kosti sú upphæð sparaðist við endurbyggingu brúarinnar.

##### 2. Brýr á Hólsá og Stigá í Örafum:

Svo sem að framan greinir, þá voru samkvæmt vegáætlun í ár byggðar brýr á Fellsá og Hrúta í Örafum, og voru þá aðeins tvær ofangreindar ár óbrúaðar á leiðinni frá Höfn í Hornafirði að Skeiðarársandi. Um 16 m langar brýr þarf á hvora ána um sig og auk þess töluverða varnargarða, og er heildarkostnaður við báðar brýrnar ásamt varnargörðum áætlaður 3.5 m.kr.

Þar sem brýr þessar eru ráðgerðar sem stálbitabrýr með timburgólfi á steiptum stöplum, var talið mjög hagkvæmt að láta brúarvinnuflokk þann, sem byggði brýrnar á Fellsá og Hrúta, ljúka byggingu stöplanna í ár, þar sem venjulegur vegavinnuflokkur gæti sett upp stálbita og timburgólf á næsta ári, og mætti með því móti spara mikið fé við að flytja brúarvinnuflokk alla leið úr Reykjavík í Örafi.

Þar sem kostnaður við byggingu stöplanna var alls áætlaður 800 þús. kr., þá féllst ráðuneytið á það að heimila Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga að leggja

fram 300 þús. kr. lán til framkvæmdanna, en á móti féllst ráðuneytið á það að verja 500 þús. kr. af geymslufé Hvitárbrúar hjá Bjarnastöðum til þess að greiða það, sem á vantaði.

### 3. Brú á Mórillu í Kaldalóni:

Á síðastliðnu vori bárust fréttir um það, að tekið hefði af yfirbyggingu brúarinnar á Mórillu í Kaldalóni, en brú þessi er 50 m löng stálbitabrú með timburgólfi á steiptum stölpum, sem byggð var árið 1964. Var talið líklegt, að orsakir þessa hafi verið snjóflóð, þó að engin vissa sé fyrir því, þar sem engir sjónarvottar urðu að þessu.

Sökum erfiðra aðstæðna tókst ekki að fullkanna skemmdir þessar fyrr en í byrjun júní þessa árs. Kom þá í ljós, að brúargólfið og bitar höfðu farið af í einu lagi og dreifzt á 50—100 m svæði neðan við brúna. Voru stálbitarnir með öllu ónýtir, en nokkuð af brúargólfinu var nothæft, stöplar voru hins vegar með öllu óskemmdir.

Talið var óhjákvæmilegt að endurreisa yfirbyggingu brúarinnar þegar á þessu ári, svo sem venja hefur verið með önnur vegagerðarmannvirki, sem eyðilagzt hafa af náttúruhamförum. Er kostnaður við endurbygginguna áætlaður um 900 þús. kr., og var því verki lokið snemma í október. Hefur kostnaður við þessa endurbyggingu brúarinnar verið til bráðabirgða lagður út af viðhaldssjóði þjóðvega, en leitað mun eftir fjárveitingu til endurgreiðslu þessa kostnaðar í vegáætlun næsta árs.

### 4. Brú á Þingmannaá á Vestfjarðavegi:

Svo sem að framan greinir, þá voru á síðastliðnu sumri byggðar brýr á Kjálkafjarðará og Mjóafjarðará á Vestfjarðavegi sunnan Þingmannaheiðar. Gert er ráð fyrir því, að vegagerð sunnan Þingmannaheiðar verði það langt komin á næsta ári, að unnt verði að taka veginn í notkun og beina umferð, sem áður fór um Þingmannaheiði, á hinn nýja veg og tengja hann til bráðabirgða við sýsluvegin hjá Auðshaugi. Við það skapast það vandamál, að fara verður yfir Þingmannaá, sem getur verið ófær bifreiðum, ef nokkur vöxtur er í ánni.

Þar sem ekki er talið líklegt, að brúarvinnuflokkur yrði á þessum slóðum á næsta ári, þá var ákveðið að byggja bráðabirgðabrú með stálbitum og timburgólfi á stauraokum á ána. Er kostnaður við brúargerð þessa áætlaður 450 þús. kr., og var hann til bráðabirgða lagður út af fjárveitingu Vestfjarðavegar sunnan Þingmannaheiðar. Mun síðar verða leitað sérstakrar fjárveitingar til þessarar brúar í vegáætlun næsta árs.

## VI. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Fjárveiting til sýsluvegasjóðs í vegáætlun í ár var 13.3 m.kr., og hafði sú upphæð verið miðuð við, að heildartekjur sýsluvegasjóða á árinu 1967 yrðu 6 635 þús. kr., samkv. 21. og 23. gr. vegalaga, þegar vegáætlun var endurskoðuð 1967. Var innheimta sýsluvegasjóðsgjalda samkv. 21. gr. vegalaga bundin við kaup í alm. verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1966, sem var kr. 42.07 á klst., samkv. lögum nr. 86/1966.

Í skýrslu um framkv. vegáætlunar 1967 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. 21. og 23. gr. áætlaðar af sýslumönnum alls 6.65 m.kr., en við endanleg reikningsskil á þessu ári reyndust þær nokkru hærrí eða 7 273 þús. kr. Hefði ríkisframlag samkv. 28. gr. í ár því átt að vera 14.54 m.kr., í stað 13.3 m.kr.

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóðs í ár samkv. 21. og 23. gr. vegalaga og framlag vegasjóðs verða í ár, eins og hér segir:

**Framlög til sýsluvegasjóðs 1968 (áætlun).**

| Sýsla                     | Heimaframlög kr.    |                   | Ríkisframlög<br>kr.  | Samtals<br>árið 1968 kr. |
|---------------------------|---------------------|-------------------|----------------------|--------------------------|
|                           | skv. 21. og 26. gr. | skv. 23. gr.      |                      |                          |
| Gullbringu- .....         | 581 312.67          | 40 000.00         | 329 000.00           | 950 312.67               |
| Kjósar- .....             | 348 773.10          | 90 000.00         | 346 000.00           | 784 773.10               |
| Borgarfjarðar- .....      | 227 310.00          | 0.00              | 367 000.00           | 594 310.00               |
| Mýra- .....               | 226 600.00          | 0.00              | 704 000.00           | 930 600.00               |
| Snæfellsnes- og Hnappad.- | 615 609.00          | 0.00              | 588 000.00           | 1 203 609.00             |
| Dala- .....               | 168 000.00          | 2 000.00          | 343 000.00           | 513 000.00               |
| A-Barðastrandar- .....    | 63 808.80           | 1 272.60          | 125 000.00           | 190 081.40               |
| V-Barðastrandar- .....    | 190 193.67          | 2 000.00          | 364 000.00           | 556 193.67               |
| V-Ísafjarðar- .....       | 255 090.18          | 3 700.00          | 338 000.00           | 596 790.18               |
| N-Ísafjarðar- .....       | 284 094.18          | 6 800.00          | 208 000.00           | 498 894.18               |
| Stranda- .....            | 150 000.00          | 0.00              | 570 000.00           | 720 000.00               |
| V-Húnavatns- .....        | 178 011.00          | 2 000.00          | 662 000.00           | 842 011.00               |
| A-Húnavatns- .....        | 250 593.00          | 21 000.00         | 556 000.00           | 827 593.00               |
| Skagafjarðar- .....       | 310 000.00          | 8 000.00          | 964 000.00           | 1 282 000.00             |
| Eyjafjarðar- .....        | 465 081.00          | 0.00              | 479 000.00           | 944 081.00               |
| S-Þingeyjar- .....        | 414 612.18          | 18 000.00         | 966 000.00           | 1 398 612.18             |
| N-Þingeyjar- .....        | 206 145.93          | 5 000.00          | 693 000.00           | 904 145.93               |
| N-Múla- .....             | 302 000.00          | 5 000.00          | 1 044 000.00         | 1 351 000.00             |
| S-Múla- .....             | 572 393.94          | 0.00              | 665 000.00           | 1 237 393.94             |
| A-Skaftafells- .....      | 154 000.00          | 4 000.00          | 238 000.00           | 396 000.00               |
| V-Skaftafells- .....      | 204 188.16          | 3 500.00          | 521 000.00           | 728 688.16               |
| Rangárvalla- .....        | 455 942.88          | 0.00              | 1 115 000.00         | 1 570 942.88             |
| Árnes- .....              | 775 000.00          | 290 000.00        | 1 115 000.00         | 2 180 000.00             |
|                           | <b>7 398 759.69</b> | <b>502 272.60</b> | <b>13 300 000.00</b> | <b>21 201 032.29</b>     |

**VII. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAAPTÚNUM**

Mannfjöldi 1. des. 1967 var skv. endanlegum tölum Hagstofu Íslands frá 18. júní 1968:

|                                 |               |
|---------------------------------|---------------|
| Kaupstaðir .....                | 136 309 íbúar |
| Kauptún með yfir 300 íbúa ..... | 29 371 —      |

**Samtals 165 680 íbúar**

Framlag skv. 32. gr. vegalaga (12.5% af áætluðum heildartekjum vegasjóðs árið 1968, sem áætlaðar eru 342.0 m.kr. skv. vegáætlun + 109.0 m.kr. aukn. vegna br. á vegalögum 19. apríl 1968) .... 451.0 m.kr.  
 ÷ Framlag til hraðbrauta skv. 32. gr. vegalaga .... 31.0 —

**420.0 m.kr.**

**kr. 52 500 000.00**

12.5% af heildartekjum vegasjóðs árið 1967 kr.

359 252 910.95 ..... kr. 44 906 613.87  
 ÷ Tekið til skipta 1967 ..... — 43 762 500.00

**— 1 144 113.87**

**kr. 53 644 113.87**

÷ 10% skv. 34. gr. vegalaga ..... — 5 364 411.39

**Til skipta kr. 48 279 702.48**

48 279 702.48

Skiptitala á hvern íbúa  $\frac{\quad}{165\ 680}$  = 291 403.32

|                               | Íbúatala | Framlag       |
|-------------------------------|----------|---------------|
| Kaupst.—Kauptún               |          |               |
| Reykjavík .....               | 80 090   | 23 338 492.00 |
| Kópavogur .....               | 10 596   | 3 087 710.00  |
| Hafnarfjörður .....           | 8 959    | 2 610 682.00  |
| Keflavík .....                | 5 428    | 1 581 737.00  |
| Akranes .....                 | 4 186    | 1 219 814.00  |
| Ísafjörður .....              | 2 710    | 789 703.00    |
| Sauðárkrókur .....            | 1 404    | 409 130.00    |
| Siglufjörður .....            | 2 361    | 688 003.00    |
| Ólafsfjörður .....            | 1 054    | 307 139.00    |
| Akureyri .....                | 10 136   | 2 953 664.00  |
| Húsavík .....                 | 1 888    | 550 169.00    |
| Seyðisfjörður .....           | 929      | 270 714.00    |
| Neskaupstaður .....           | 1 552    | 452 258.00    |
| Vestmannaeyjar .....          | 5 016    | 1 461 679.00  |
| Grindavík .....               | 990      | 288 489.00    |
| Sandgerði .....               | 880      | 256 435.00    |
| Njarðvík .....                | 1 493    | 435 065.00    |
| Garðahreppskaupún .....       | 2 354    | 685 963.00    |
| Seltjarnarneshreppur .....    | 1 984    | 578 144.00    |
| Borgarnes .....               | 1 068    | 311 219.00    |
| Hellissandur .....            | 509      | 148 324.00    |
| Ólafsvík .....                | 960      | 279 747.00    |
| Grundarfjörður .....          | 574      | 167 266.00    |
| Stykkishólmur .....           | 1 042    | 303 642.00    |
| Patreksfjörður .....          | 1 027    | 299 271.00    |
| Bildudalur .....              | 342      | 99 660.00     |
| Þingeyri .....                | 375      | 109 276.00    |
| Flateyri .....                | 508      | 148 033.00    |
| Bolungarvík .....             | 957      | 278 873.00    |
| Suðureyri .....               | 441      | 128 509.00    |
| Hnífsdalur .....              | 331      | 96 454.00     |
| Hólmavík .....                | 358      | 104 322.00    |
| Hvammstangi .....             | 329      | 95 872.00     |
| Blönduós .....                | 670      | 195 240.00    |
| Skagaströnd .....             | 541      | 157 649.00    |
| Hofsós .....                  | 295      | 85 964.00     |
| Dalvík .....                  | 1 012    | 294 900.00    |
| Hrísey .....                  | 291      | 84 798.00     |
| Raufarhöfn .....              | 472      | 137 542.00    |
| Þórshöfn .....                | 435      | 126 760.00    |
| Vopnafjörður .....            | 513      | 149 490.00    |
| Egilsstaðir .....             | 582      | 169 597.00    |
| Eskifjörður .....             | 889      | 259 058.00    |
| Búðareyri í Reyðarfirði ..... | 572      | 166 683.00    |
| Búðir í Fáskrúðsfirði .....   | 707      | 206 022.00    |
| Djúpivogur .....              | 321      | 93 540.00     |
| Höfn í Hornafirði .....       | 783      | 228 169.00    |
| Vík í Mýrdal .....            | 379      | 110 442.00    |
| Stokkseyri .....              | 398      | 115 979.00    |
| Eyrarbakki .....              | 458      | 133 463.00    |

| Kaupst.—Kauptún   | Íbúatala | Framlag       |
|-------------------|----------|---------------|
| Selfoss .....     | 2 273    | 662 360.00    |
| Hveragerði .....  | 802      | 233 705.00    |
| Þorlákshöfn ..... | 456      | 132 883.48    |
|                   | <hr/>    | <hr/>         |
| Samtals           | 165 680  | 48 279 702.48 |

## VIII. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

Fjárveitingar voru sem hér segir:

|                                     |                 |
|-------------------------------------|-----------------|
| 1. Til véla- og verkfærakaupa ..... | 13 000 þús. kr. |
| 2. Til byggingar áhaldahúsa .....   | 2 000 — —       |
| 3. Til bókasafns verkamanna .....   | 35 — —          |
|                                     | <hr/>           |
| Alls                                | 15 035 þús. kr. |

### 1. Vélakaup:

Af nýjum vélum var keypt eftirfarandi:  
 3 stórir vegheflar með útbúnaði til snjómoksturs,  
 2 vélskóflur,  
 4 smábifreiðar til mælinga o. þ h.

Auk þessa voru fest kaup á ýmsum minni tækjum, svo sem vélbörum, rafstöðvum, steypublöndunarvélum o. þ h.

Alls voru keyptar nýjar vélar fyrir liðlega 12 m.kr., en auk þess greiddar skuldir vegna vélakaupa 1967 að upphæð 6.7 m.kr. eða samtals til vélakaupa 18.7 m.kr.

### 2. Bygging áhaldahúsa:

- Lokið var byggingu 6×30 m áhaldaskemmu í Búðardal, sem byrjað var á s. l. ár.
- Lokið var byggingu áhaldaskemmu á Selfossi af sömu stærð og í Búðardal.
- Vestan Lagarfljótsbrúar var fengin 0.6 ha lóð undir áhaldaskemmu, og hafinn undirbúningur að frágangi lóðar og byggingu sams konar skemmu og á ofangreindum stöðum.
- Minni háttar lagfæringar voru einnig gerðar á nokkrum öðrum áhaldahúsum, eins og t. d. Þórshöfn og Höfn í Hornafirði.

## IX. TIL TILRAUNA VIÐ VEGA- OG GATNAGERÐ

|                                       |                |
|---------------------------------------|----------------|
| 1. Fjárveiting í vegáætlun 1968 ..... | 2 255 þús. kr. |
| 2. Geymt fé frá 1967 .....            | 795 — —        |
|                                       | <hr/>          |
| Alls                                  | 3 050 þús. kr. |

Fjárveitingu þessari var varið í aðalatriðum til eftirfarandi tilrauna og rannsóknarstarfsemi:

### 1. Tilraunir með ódýr slitlög úr asfalti:

Haldið var áfram tilraunum þessum, sem hófust 1967. Tilraunakaflar, sem þá voru lagðir, hafa staðið sig misjafnlega, einn er ónýtur, aðrir skemmdir, og enn aðrir hafa staðið sig ágætlega. Gera þurfti við skemmda kafla og leggja nýtt lag á suma þeirra og auk þess var bætt við 0.2 km kafla á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi. Kostnaður er alls áætlaður um 1.0 m.kr.

**2. Rannsóknir á mól til mannvirkjagerðar:**

Haldið var áfram þessum rannsóknum, sem hófust 1957. Hlutdeild Vegagerðar ríkisins var á þessu ári 125 þús. kr.

**3. Rannsóknir á burðarþoli vega:**

Mælingar á burðarþoli voru gerðar á vegum í Reykjaneskjördæmi og í Skagafirði. Valdir voru vegir á mismunandi undirstöðu, gerðir úr mismunandi efni og með mismunandi slitlagi. Þessar mælingar verða endurteknar á sömu stöðum næsta vor, þegar frost er að fara úr jörðu til þess að sjá, hversu mikið burðarþolið rýrnar við vorleysingar.

Auk mælinganna var í Skagafirði gerð tilraun með það, hversu margar yfirferðir þungra bíla vegur byggður á mýri með lítið burðarþol þyldi, áður en hann brotnaði niður.

Til þessara rannsókna var varið um 200 þús. kr.

**4. Vegir byggðir á mýri:**

Þar sem mýrar þekja stóran hluta yfirborðs á láglendi, verður ekki hjá því komizt að byggja vegi á þeim í talsverðum mæli. Mýrar eru mjög misdjúpar, hafa mælt allt að 10 m í Ölfusi og allt að 16 m á Kjalarnesi. Við varanlega vegagerð er tæpast um annað að ræða en grafa mýrina út niður á fast og endurfylla með mól eða hrauni, ef komast á hjá missigi. Þar sem dýpi mýranna getur verið allt upp í 16 m, er augljóst, að gífurlegur kostnaður er við útgröft og endurfyllingu, og svo mikill að telja verður óframkvæmanlegt. Verður þess vegna að gera ráð fyrir að byggja verði vegi á mýrunum óhreyfðum og taka því, að þeir verði ósléttir og sígi og rétta verði þá af með nokkurra ára millibili.

Til þess að fá hugmynd um, hvernig sig vegar á mýri breytist með tímanum og hversu mikið missig verður við ákveðnar aðstæður (þykkt mýrar, hæð grunnvatns, raki í mýri, steinefni í jarðvegi o. fl.) voru gerðar ýmsar rannsóknir og mælingar á nýjum vegarkafila á Suðurlandsvegi austur undir Hellu. Kostnaður varð um 250 þús. kr.

**5. Festun með sementi:**

Til þess að auka burðarþol vega er hægt að festa hluta yfirbyggingar með sementi, kalki eða asfalti. Vegum á melum, sem byggðir eru upp úr efni á staðnum, er mjög hætt við að missa allt burðarþol í leysingum. Á 0,2 km kafla Vesturlandsvegur á Kjalarnesi var þess vegna gerð tilraun til að auka burðarþolið með því að festa 20 cm lag með sementi.

Kostnaður er áætlaður um 350 þús. kr.

**6. Tilraunir með malbik:**

Gatnadeild Borgarverkfræðingsins í Reykjavík tók að sér að gera ýmsar tilraunir með malbik, t. d. breytilega þjöppun og mismunandi mýkt á asfalti.

Kostnaður varð um 200 þús. kr.

**7. Aðrar tilraunir og rannsóknir:**

a. Fylgzt er með malbiki og steypu á Reykjanesbraut m. t. t. burðarþols, slits, yfirborðsójafna o. fl.

b. Í rannsókn eru mismunandi malbiksblöndur, og beinast rannsóknir aðallega að frost-þíðu þolni og áhrifa salts á malbik.

c. Leitað er stöðlunar fyrir því, hvenær malarefni er frosttryggt.

d. Í athugun er rykbindihæfni mismunandi ofaniburðarefna, og hafnar eru tilraunir með rykbindingu með asfaltupplausn í stað salta.

e. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar með heflun, og í gangi er tilraun með notkun traktors með hefilblaði í stað veghefils á umferðarminnstu vegum.

Kostnaður við þessar tilraunir er áætlaður um 450 þús. kr.